



Greinargerð um stöðu haf- og strandsvæðaskipulags

Fylgiskjal með
landsskipulagsstefnu 2013-2024

Greinargerð um stöðu haf- og strandsvæðaskipulags - Fylgiskjal með Landsskipulagsstefnu 2013-2024

Útgefandi: Skipulagsstofnun, september 2012

Texti: Skipulagsstofnun

ISBN: 978-9935-9109-4-3

Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík www.landsskipulag.is

Efnisyfirlit

1	Inngangur	5
2	Alþjóðlegir samningar og stefnur íslenskra stjórnvalda	7
2.1	Alþjóðlegir samningar	7
2.1.1	Hafréttarsamningurinn (UNCLOS)	7
2.1.2	OSPAR-samningurinn.....	8
2.1.3	MARPOL – samningur um varnir gegn mengun sjávar	8
2.1.4	Alþjóðahafrannsóknarráðið	9
2.1.5	Samningur um líffræðilega fjölbreytni.....	9
2.1.6	Ramsar-samningurinn um votlendi	9
2.1.7	Tilskipanir Evrópusambandsins og íslenskt lagaumhverfi	10
2.2	Stefnur stjórnvalda varðandi málefni hafssins.....	10
2.2.1	Hafið – stefna íslenskra stjórnvalda.....	10
2.2.2	Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - áherslur 2010-2013.....	12
2.2.3	Líffræðileg fjölbreytni	12
2.2.4	Náttúruverndaráætlun	13
2.2.5	Friðun viðkvæmra hafsvæða	13
2.2.6	Varnir gegn mengun sjávar frá landsstöðvum	14
2.2.7	Loftslagsmál	14
2.2.8	Lög og reglur	15
3	Staða skipulags á haf- og strandsvæðum á Íslandi og í nágrannalöndunum.....	20
3.1	Ísland	20
3.2	Yfirlit yfir stöðu hafskipulags í nágrannalöndunum.....	22
3.2.1	Noregur.....	25
3.2.2	Danmörk	26
3.2.3	Svíþjóð	27

3.2.4	Finnland	28
3.2.5	Skotland	28
4	Kortlagning á lífríki, notkun og vernd	30
4.1	Gögn sem nýtt voru til greiningar á notkun og vernd hafsvæða við Ísland	30
4.1.1	Fiskistofa	30
4.1.2	Hafrannsóknastofnunin	37
4.1.3	Orkustofnun	45
4.1.4	Siglingastofnun Íslands	48
4.1.5	Umhverfisstofnun	51
4.2	Yfirlit yfir kortlagningu á lífríki, notkun og vernd íslenskra hafsvæða	56
4.2.1	Lífríki	57
4.2.2	Notkun	57
4.2.3	Vernd	59
5	Frumgreining á hagsmunaárekstrum	65
5.1	Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar	66
5.2	Heildarmynd - hagsmunaárekstrar	71
5.3	Leit og rannsóknir á magnetíti og hugsanleg vinnsla þess við suðurströnd Íslands	73
5.4	Uppdæling á sandi, möl og skeljasandi í Faxaflóa, Hvalfirði og Kollafirði	76
5.5	Skipulag haf- og strandsvæða	77
6	Undirbúningur skipulags á haf- og strandsvæðum	79
6.1	Tillaga nefndar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra	79
6.2	Tillaga landsskipulagsstefnu um næstu skref	79
6.3	Tilgangur hafskipulags	80
7	Viðauki 1 Innleiðing á hugtökum	81
8	Heimildir og tilvitnanir	83

1 Inngangur

Í september 2011 skilaði nefnd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra úttekt á gildandi lögum um framkvæmdir og athafnir með ströndum landsins og í efnahagslögsögunni.¹ Nefndinni var ætlað að meta hvort gera þyrfti skýrari reglur þar um og hvort ástæða væri til að setja löggjöf um skipulag strandsvæða og efnahagslögsögunnar. Í niðurstöðum nefndarinnar kom m.a. fram að heildarsýn skorti yfir starfsemi á hafsvæðum við Ísland og engar áætlunar séu til um nýtingu gæða hafsins. Taldi nefndin mögulegt að nota mætti landsskipulagsstefnu til að setja fram skipulagsstefnu stjórnvalda fyrir hafið sem hafi sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Þann 1. janúar 2011 tóku ný skipulagslög gildi, sem innifela ákvæði um landsskipulagsstefnu og skal hún innihalda samræmda stefnu ríkisins um skipulagsmál. Ein af áherslum sem umhverfisráðherra leggur til fyrir landsskipulagsstefnu 2013-2024 er skipulag á haf- og strandsvæðum. Þar sem áhugi á fjölbreyttari notkun á haf- og strandsvæðum hefur farið vaxandi aukast jafnframt líkur á hagsmunaárekstrum vegna mismunandi notkunar og neikvæðum áhrifum á vistkerfi hafsins. Samkvæmt áherslu ráðherra skal í landsskipulagsstefnu vera fjallað ítarlega um á hvern hátt má best bregðast við þeim áskorunum sem nú blasa við um skipulag á notkun og nýtingu þessara svæða.

Skipulag á haf- og strandsvæðum er nýtt viðfangsefni í skipulagi hér á landi, sem enn hefur ekki verið fundinn staður innan stjórnsýslunnar. Greinargerðin hér að neðan fjallar því um forsendur fyrir stefnumörkun hafsvæða við Ísland og strandsvæða innan marka sveitarfélaga. Áherslur í skipulagi haf- og strandsvæða voru engu að síður til umræðu á fundi samráðsvettvangs um landsskipulagsstefnu þann 3. febrúar 2012 og niðurstöður fundarins voru notaðar sem grunnur að vinnu við þessa greinargerð. Samráðsvettvanguinn lagði einkum áherslu á að marka þyrftir stefnu um eftirfarandi þætti:

- Rannsóknir, gagnasöfn og miðlun upplýsinga
- Vernd náttúru- og menningarverðmæta
- Nýtingu auðlinda
- Samgöngur og siglingaleiðir
- Orkuframleiðslu
- Mengunarmál
- Almannarétt
- Nálgun við stefnumótun og framfylgd stefnu

Í greinargerð um skipulag haf- og strandsvæða, sem hér fer á eftir, verður fjallað um alþjóðlega samninga um málefni hafsins, sem íslendingar eru aðilar að, og ýmis stefnuskjöl stjórnvalda um umhverfismál tengd hafinu, sem endurspeglar á ýmsan hátt ákvæði alþjóðlegra samninga. Einnig verður fjallað um stöðu skipulags haf- og strandsvæða á Íslandi og í nágrannalöndum okkar, sem leiðir í ljós að farnar hafa verið misjafnar leiðir við gerð hafskipulags. Þá verður gerð grein fyrir frumgreiningu á árekstrum notkunar og nýtingar við verndarsjónarmið á hafsvæðum Íslands almennt og einnig á tveimur afmörkuðum svæðum, þ.e. við Suðurland vegna hugsanlegrar málvmivnslu á hafsbottini og í sunnanverðum Faxaflóa vegna efnistöku. Með hliðsjón af niðurstöðu greiningarinnar má álykta hvar helstu áskoranirnar eru varðandi skipulag á notkun og nýtingu (Skipulagsstofnun leggur mikla áherslu á að greiningin er mjög einföld og ljóst má vera að alls ekki er um tæmandi lista að ræða varðandi þá þætti sem greinargerðin fjallar um). Að

endingu verður gerð tillaga um hvernig stíga megi næstu skref til undirbúnings skipulags haf- og strandsvæða. Í viðauka 1 eru skilgreind helstu hugtök, sem notuð eru í greinargerðinni.

2 Alþjóðlegir samningar og stefnur íslenskra stjórnválda

Í þessum kafla verður fjallað um alþjóðlega samninga sem varða hafið og Íslendingar eru aðilar að og lýst stefnum stjórnválda um umhverfismál tengdum hafinu, sem byggja á ýmsan hátt á ákvæðum alþjóðlegra samninga.

2.1 Alþjóðlegir samningar

Sjávarstraumar og lífríkið í hafinu virðir ekki landamæri og því geta neikvæð áhrif sem koma fram á ákveðnum umhverfisþáttum í einu landi átt rætur að rekja til aðgerða og athafna í öðru landi eða vegna annarra utanaðkomandi þátta eins og loftslagsbreytinga. Samfélag þjóðanna er meðvitað um þetta og hefur því gert með sér ýmsa samninga og stofnað ýmis samtök með það að markmiði að draga úr mengun, vernda lífríkið og standa vörð um fiskistofnana auk þess að tryggja rétt þjóðanna til siglinga um heimsins höf.

Með vaxandi hagsmunárekstrum milli mismunandi notenda, aukinni eftirspurn eftir afnotum af hafsvæðum og auknu á lagi á umhverfið er almennt talið nauðsynlegt að skipuleggja og marka stefnu um notkun og vernd hafsvæða og samræma aðgerðir þvert á landamæri, ekki ólíkt því sem gert er með skipulag á landi (e. spatial planning). Því hafa sum þessara alþjóðlegu samtaka sett í gang vinnu með það að markmiði að þróa fyrrmyndir að skipulagstæki og -ferli til að aðstoða þjóðir heims við að smíða nauðsynlegan ramma utan um stjórnsýslu hafssins. Af mörgu er að taka en sem dæmi má nefna leiðbeiningar sem UNESCO gaf út um hvernig standa ætti að vistkerfisnálgun við skipulag hafsvæða². Þá má einnig nefna handbók sem Evrópusambandið gaf út um þær meginreglur (e. principles) eða leiðarljós sem aðildarríkin ættu að hafa við gerð hafskipulags³.

Aukin áhersla er á svæðisbundið hafskipulag og samþættingu á skipulagi hafsvæða og strandsvæða og hefur Evrópusambandið styrkt nokkur samstarfsverkefni á þeim grunni, t.d. svæðisskipulag landa í kringum Eystrasaltið, Adráhafið og Svartahafið. Á grundvelli þessara verkefna hefur m.a. verið gefin út handbók⁴ fyrir ráðgjafa og stjórnvöld um hvernig vinna megi samþætt hafskipulag.

Ísland er aðili að ýmsum alþjóðlegum samtökum og samningum sem hafa áhrif á hvernig við tökkum á málefnum hafssins og þar með skipulagi haf- og strandsvæða. Hér á eftir er upptalning á nokkrum samtökum og samningum sem taka þarf tillit til við skipulag hafsvæða á Íslandi en fleiri samningar og samtök sem Ísland er aðili að geta einnig komið til álita.

2.1.1 Hafréttarsamningurinn (UNCLOS)

Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna er einn mikilvægasti alþjóðasamningurinn á sviði hafréttar og almennt um málefni hafssins. Samningurinn var samþykktur 1982 en tók fyrst gildi 1994 og kemur í stað fjögurra alþjóðasamninga um hafið frá 1958. Samningurinn nær til allra hafsvæða, lofrýmisins yfir þeim, hafbotnsins og botnlaganna undir honum og er eini heildstæði alþjóðasamningurinn á sviði hafréttar, þ.e. stjórnunar og nýtingu hafssins og lífríki þess og rétt ríkja að nýta auðlindir á og undir sjávarbotni. Í samningnum er kveðið á um rétt og skyldur ríkja, hvað varðar siglingar, flug, fiskveiðar, nýtingu á auðlindum hafssins og hafbotnsins, framkvæmdir

og vernd gegn mengun hafsins allt inn að grunnlínu ríkja. Samningurinn kveður m.a. á um landhelgina, efnahagslögsöguna, landgrunnið og úthafið. Hafréttarsamningurinn er talinn endurspeglaréttarvenju og gildir því fyrir öll ríki, óháð því hvort þau hafi gerst aðilar að honum eða ekki. Ísland varð 1985 fyrst vestrænna ríkja til að fullgilda samninginn en 161 ríki hafði fullgilt samninginn í mars 2011.

2.1.2 OSPAR-samningurinn

OSPAR er samstarfsvettvangur 15 ríkja og tekur til innsævis, landhelginnar, efnahagslögsögunnar og úthafsins í Norðaustur-Atlantshafinu. Núgildandi OSPAR samningur öðlaðist gildi 25. mars 1998 en Ísland gerðist aðili að samningum 2. júní 1997. Markmiðið með samningnum er að draga úr og koma í veg fyrir mengun á Norðaustur-Atlantshafi með vistkerfisnálgun (e. ecosystem approach, sjá útskýringu í Viðauka 1). Aðildarríkin hafa með aðild að samningnum skuldbundið sig til að eiga samvinnu um að vakta og meta ástand sjávar og til að ráðast í nauðsynlegar aðgerðir til verndar lífríki hafsins. Umhverfisráðuneytið hefur umsjón með samningnum fyrir hönd Íslands og hefur samráð við viðeigandi ráðuneyti um stefnumörkun gagnvart OSPAR.

Viðauki V við samninginn fjallar um verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins, þar með talin verndun tegunda og búsvæða á hafsvæði því sem OSPAR-samningurinn nær yfir. Samkvæmt honum skulu aðildarríki beita nauðsynlegum aðgerðum til að vernda vistkerfi og hafsvæði, sem orðið hafa fyrir skaðlegum áhrifum frá mannlegum athöfnum öðrum en mengun, svo sem veiðum. Samningurinn varðar ekki stjórn fiskveiða en telji OSPAR að verndaraðgerð sé æskileg, vekur OSPAR athygli viðkomandi lögbærs yfirvalds eða alþjóðastofnunar á því.

OSPAR hefur síðan 2003 lagt sitt af mörkum í umræðu um skipulag hafsvæða og alþjóðasamvinnu á því sviði með ráðstefnum og útgáfu á fræðsluefni auk þess sem ein af nefndum samtakanna sinnir þessu viðfangsefni. Tildróg þessarar vinnu er sameiginleg yfirlýsing OSPAR- og Helsingaráðanna í Bremen 2003⁵ þar sem aðilar skuldbinda sig til að stuðla að aukinni alþjóða samvinnu um að skilgreina aðferðir, tæki og alþjóðasamvinnu um skipulag hafsvæða.

2.1.3 MARPOL – samningur um varnir gegn mengun sjávar

MARPOL er mikilvægur alþjóðasamningur um hafið sem tók gildi 1983 og Ísland gerðist aðili að 1985. Markmiðið með samningnum er að koma í veg fyrir og draga úr losun mengunarefna í andrúmsloftið og í sjó frá skipum¹. Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) heldur utan um

¹ Skip: far af hvaða gerð sem er sem fer um hafið, þar með talin skíðaskip, svifskip, kafbátar, fljótandi för og fastir eða fljótandi pallar.

framkvæmd samningsins á alþjóðavísu. Umhverfisstofnun sér um framkvæmd samningsins hér á landi og tekur þátt í samstarfi vegna hans á alþjóðavísu.

2.1.4 Alþjóðahafrannsóknarráðið

Alþjóðahafrannsóknaráðið (International Council for the Exploration of the Sea, ICES) hefur það hlutverk að samþætta og stuðla að rannsónum á hafinu, vistkerfi þess og lífríki í Norður-Atlantshafinu. Að ráðinu standa 20 strandríki sem liggja að Norður-Atlantshafinu, þar á meðal Ísland, og að Eystrasalti. Alþjóðahafrannsóknaráðið er vettvangur 1.600 vísindamanna frá 200 stofnunum sem starfa samkvæmt milliríkjasmáningi (ICES convention) sem hefur það markmið að styðja við og auka gildi rannsókna í aðildarlöndunum. Á vegum ráðsins starfa margar nefndir (svokallaðar vinnunefndir), sem hver um sig fjallar um afmarkað svið og afgreiðir fyrirspurnir sem berast ráðinu og tengast viðfangsefni nefndanna. Ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins byggir á vinnu nefndanna. Ein af vinnunefndum ráðsins fjallar um skipulag hafs og stjórnun strandsvæða (Working Group for Marine Planning and Coastal Zone Management).

2.1.5 Samningur um líffræðilega fjölbreytni

Samningur SP um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity, CBD) var samþykktur í Rio de Janeiro árið 1992 og tók gildi á Íslandi 1994. Í markmiðum samningsins segir m.a. „*Markmið samnings þessa, sem keppt skal að samkvæmt viðeigandi ákvæðum hans, eru vernd líffræðilegrar fjölbreytni, sjálfbær nýting efnispáttu hennar og sanngjörn og réttlát skipting þess hagnaðar sem stafar af nýtingu erfðaauðlinda, þ.m.t. hæfilegur aðgangur að erfðaauðlindum og miðlun á viðeigandi tækni, að teknu tilliti til réttar yfir þessum auðlindum og til tækni, og hæfilegt fjármagn.*“ Í samningnum kemur fram að ákvæði hans gildi innan lögsögumarka aðildarríkis og jafnvel handan við lögsögumörk í ákveðnum tilvikum. Samningurinn hefur þannig áhrif á ákvæði hafskipulags í allri efnahagslögsögunni. Útskyringu á hugtakinu líffræðileg fjölbreytni má finna í Viðauka 1.

2.1.6 Ramsar-samningurinn um votlendi

Ramsar-samningurinn, samþykktur 1971, er alþjóðasamningur um votlendi sem er mikilvægt á alþjóðavísu og lýtur að samvinnu um vernd og skynsamlega nýtingu votlendis. Það verði gert með aðgerðum á staðar- og landsvísu og alþjóðlegri samvinnu þannig að stuðlað verði að sjálfbærri þróun á heimsvísu. Votlendi er skilgreint mjög vítt í samningnum og nær m.a. yfir mýrar, flóa, fen og vötn með fersku, ísoltu eða söltu vatni, þ.m.t. óseyrar og strandsvæði og einnig manngerð svæði t.d. fiskitjarnir og ríssengi. Ísland gerðist aðili að samningnum árið 1977, en á honum hafa verið gerðar nokkrar breytingar síðan hann tók upphaflega gildi.

2.1.7 Tilskipanir Evrópusambandsins og íslenskt lagaumhverfi

Skipulag haf- og strandsvæða er á sjálfforræði aðildarríkja Evrópusambandsins, en sambandið hefur gefið út leiðbeiningar og tilskipanir er varða lífríkið í hafinu og náttúruvernd almennt. Ísland hefur í gegnum EES-samninginn innleitt margar af tilskipunum Evrópusambandsins er varða umhverfismál og sem geta haft áhrif á gerð hafskipulags og hvernig við förum með málefni hafsins sbr. eftirfarandi upptalning:

Tilskipun um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda (ESB 97/11) var innleidd með lögum nr. 106/2000. Mat á umhverfisáhrifum er ferli þar sem metin eru á kerfisbundinn hátt þau áhrif sem framkvæmd kann að hafa á umhverfið, áður en tekin er ákvörðun um hvort leyfa skuli framkvæmd.

Tilskipun um umhverfismat áætlana (2001/42/EB) var innleidd með lögum nr. 105/2006. Í lögunum er kveðið á um umhverfismat á tilteknim skipulags- og framkvæmdaáætlunum sem marka stefnu er varðar framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Umhverfismatinu er ætlað að tryggja að tekið sé mið af umhverfissjónarmiðum þegar tekin er ákvörðun um áætlanir samkvæmt lögunum.

Vatnatilskipun Evrópusambandsins (2000/60/EB) var innleidd með lögum nr. 36/2011. Gildissvið tilskipunarinnar nær til alls vatns á landi, strandsjávar og eina sjómílu á haf út, frá grunnlínu. Hún fjallar um ár, vötn, grunnvatn, jöklar, árósa, sjávarlón og strandsjó og skyldar aðildarríki til að bæta ástand vatns og viðhalda góðu ástandi þess.

2.2 Stefnur stjórvalda varðandi málefni hafsins

Stefnumarkandi áætlanir gegna mikilvægu hlutverki við stjórnun haf- strandsvæða. Ýmsar áætlanir hafa verið unnar á vegum stjórvalda og samþykktar af ríkisstjórn eða Alþingi og hafa áhrif á hafið og lífríki þess. Að ýmsu leyti markast þær af þeim skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist með aðild að alþjóðlegum samningum og evrópska efnahagssvæðinu (sbr. kafli 2.1). Má þar nefna stefnu um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi, samræmda stefnu um hafið, náttúruverndaráætlun, stefnumörkun um líffræðilega fjölbreytni og stefnumörkun í loftslagsmálum. Á grundvelli þessara áætlana hafa verið sett lög og reglugerðir til frekari útfærslu og framfylgdar stefnunni í einstökum málaflokkum. Hér er greint frá helstu stefnumiðum sem snúa að málefnum hafsins auk þess að fjalla um tillögur nefndar um friðun viðkvæmra hafsvæða við Ísland frá 2004 og skýrslu frá árinu 2006 um árangur Íslands við framkvæmd áætlunar um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum.

2.2.1 Hafið – stefna íslenskra stjórvalda

Samræmd stefnumörkun umhverfisráðherra, sjávarútvegsráðherra og utanríkisráðherra um málefni hafsins var samþykkt í ríkisstjórn árið 2004.⁶ Þar kemur fram (bls. 3) að stefna Íslands grundvallast á þremur stoðum sem eru Hafréttarsamningurinn, hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og það sjónarmið að stjórnun og ákvörðunartaka við verndun vistkerfa hafsins og nýtingu lifandi auðlinda hvíli á þeim ríkjum sem mestra hagsmuna eiga að gæta og ákvarðanirnar snerta með beinum hætti. Meginmarkmið stefnu Íslands í málefnum hafsins er að viðhalda heilbrigði,

lífþræðilegum fjölbreytileika og sjálfbærni hafssins til að nýta megi lifandi auðlindir þess um alla framtíð. Í skýrslunni er sett fram stefnumótun um fjóra þætti:

1. Mengun hafssins og umhverfisbreytingar.
2. Lífríki hafssins og sjálfbær nýting.
3. Hafsbottinna, siglingar og ferðaþjónusta.
4. Þróunarsamvinna.

Í skýrslunni er meðal annars vísað til stefnumiða og áhersluatriða í stefnumörkun íslenskra stjórvalda um sjálfbæra þróun frá 2002 sem snúa að málefnum hafsvæða: *Velferð til framtíðar – sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.*⁷ Þar eru sett markmið og leiðir sem miða að hreinu hafi, takmörkun loftslagsbreytinga af manna völdum og vernd ósonlagsins, sjálfbærri nýtingu lifandi auðlinda hafssins og verndun líffræðilegrar fjölbreytni:

- Styrkur manngerðra mengunarefna í sjávarfangi úr hafinu við Ísland sé ávallt undir ströngustu viðmiðunarmörkum innlendra sem erlendra heilbrigðisyfirvalda.
- Losun skaðlegra efna í hafið frá skipum og landi hverfi með öllu, ekki síst losun þrávirkra lífrænna efna, geislavirkra efna og þungmálma.
- Ísland verði áfram leiðandi í alþjóðlegu samstarfi og aðgerðum gegn mengun hafssins.
- Nýting fiskistofna og annarra lifandi auðlinda hafssins verði ávallt sjálfbær og byggi á bestu tiltækum vísindalegum niðurstöðum.
- Veiði úr stofnum, þar sem sýnt hefur verið fram á með vísindalegum rökum að takmarka þarf sókn, skal lúta veiðistjórn þar sem beitt verði varúðarsjónarmiðum til að ná fram hámarksfrakstri stofna til langstíma.
- Þróuð verði langtímastefna fyrir nýtingu einstakra stofna, m.a. með þróun aflareglina og beitingu fjölstofnanálgunar þar sem því verður við komið.
- Aðferðir og stjórnun nýtingar á lifandi auðlindum sjávar taki mið af fjölpættu samspili í lífríki sjávar og miði að því að lámarka neikvæð áhrif nýtingar á aðra lífríkisþætti.
- Tryggt verði að líffræðileg fjölbreytni vistgerða og vistkerfa á Íslandi verði viðhaldið með því að vernda tegundir dýra, plantna og annarra lífvera, erfðaaauðlindirnar sem þær búa yfir og búsvæði þeirra.
- Öll nýting hinnar lifandi náttúru fari fram á sjálfbæran hátt.
- Við framkvæmdir sem raska eða breyta lifandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfið verði haldið í lágmarki.

Í skýrslunni er fjallað um fiskeldi í sjó og undirstrikað mikilvægi þess að setja heildstæða löggjöf um eldi sjávardýra þar sem sérstaklega verði gætt að því að draga úr þeirri hættu sem vistkerfi sjávar getur stafað af eldi þeirra.

Eftirfarandi áherslur snúa að hafsbottinum, siglingum og ferðaþjónustu:

- Hafist verði handa við að móta stefnu um nýtingu auðlinda hafsbotsins er byggist á nýjum og bættum möguleikum til rannsókna á hafsbottinum. Tryggja þarf að nýting auðlinda hafsbotsins og markmið um verndun hafsvæða fari saman. Í stefnumótuninni þarf að gera skýra grein fyrir ábyrgðarsviðum og tryggja samstarf innan stjórnsýslunnar þegar kemur að leyfisveitingum til rannsókna og nýtingar á auðlindum hafsbotsins.

- Frekar verði unnið að því að tryggja öryggi í siglingum á hafsvæðinu við Ísland og sérstaklega hugað að áhættugreiningu, viðbragðsáætlunum vegna hugsanlegra mengunaróhappa í hafi og inngrípi stjórnvalda er hættuástand skapast.
- Íslendingar búi sig undir hugsanlega opnun nýrra siglingaleiða til norðurs, sem tengi Atlantshaf og Kyrrahaf, og að hugað verði sérstaklega að þeim umhverfisáhrifum sem því fylgja. Settur hefur verið á fót starfshópur á vegum utanríkisráðuneytisins sem vinnur að greinargerð um opnun siglingaleiðanna.
- Markmið verndunar og nýtingar á auðlindum hfsins þarf að geta átt samleið með ferðaþjónustunni og geta nýst henni til framdráttar. Tryggja þarf að í ferðaþjónustu á Íslandi verði áfram hægt að nýta hafið í fjölbreytilegum tilgangi í þjónustu við ferðafólk.

2.2.2 Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - áherslur 2010-2013

Áherslur stjórnvalda um umhverfisvernd og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda á árabilinu 2010-2013 eru settar fram í *Velferð til framtíðar – sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013*⁸. Þar eru eftirfarandi atriði um sjálfbæra nýtingu auðlinda hfsins sett í forgrunn:

- Nýting fiskistofna og annarra lifandi auðlinda hfsins verði ávallt sjálfbær og byggi á bestu tiltækum vísindalegum niðurstöðum.
- Veiði úr stofnum, þar sem sýnt hefur verið fram á með vísindalegum rökum að takmarka þarf sókn, skal lúta veiðistjórnun þar sem beitt verði varúðarsjónarmiðum til að ná fram hámarksfrakstri stofna til langa tíma.
- Þróuð verði langtímastefna fyrir nýtingu einstakra stofna, m.a. með þróun aflareglina og beitingu fjölstofnanálgunar þar sem því verður við komið.
- Aðferðir við nýtingu og stjórnun á lifandi auðlindum sjávar taki mið af fjölbættu samspili í lífríki sjávar og miði að því að lágmarka neikvæð áhrif nýtingar á aðra þætti í lífríkinu.
- Aflareglar verður mótuð fyrir fleiri mikilvægar fisktegundir en þorsk og taki mið af bestu fáanlegu þekkingu á lífríkinu og fjölstofnanálgun.
- Við mat á lífríki hfsins verða fjölbætt efnistök efla og hugað verður að frekari útfærslu vistkerfisnálgunar sem og fjölpjóðlegu samstarfi þar að lútandi.
- Nýlega samþykktar leiðbeiningareglur FAO um verndun viðkvæmra vistkerfa á úthafinu verða útfærðar til notkunar á íslensku hafsvæði.
- Áfram verður lögð áhersla á fjölpjóðlegt samstarf um rannsóknir og þróun þar á meðal varðandi vistvænar lausnir í sjávarútvegi, svo sem þróun veiðarfæra.

2.2.3 Líffræðileg fjölbreytni

Ríkisstjórn Íslands samþykkti stefnu um líffræðilega fjölbreytni árið 2008.⁹ Meginmarkmið stefnunnar felast í því að efla þekkingu á íslensku lífríki, efla vöktun líffræðilegrar fjölbreytni og tryggja verndun lífríkis í neti verndarsvæða. Áætlun um framkvæmd stefnunnar var samþykkt í ríkisstjórn Íslands árið 2010 og meðal verkefna sem tiltekin eru í áætluninni og tengjast haf- og strandsvæðum eru eftirfarandi:¹⁰

- Ljúka við gerð gróður- og vistgerðarkorta af þurrandi, ferskvatni og grunnsævinu umhverfis landið fyrir árið 2015.
- Gera vöktunaráætlun yfir lykilþætti líffræðilegrar fjölbreytni á þurrlandi, ferskvatni og hafinu umhverfis Ísland.
- Efla samstarf og samráð rannsókna- og stjórnsýslustofnana um lífríkisvöktun og kynna niðurstöður vöktunar.
- Friðlýsa svæði í samræmi við Náttúruverndaráætlun 2004-2008.
- Setja á fót sérstaka vöktunaráætlun fyrir verndarsvæði til að meta árangur verndunar.
- Vinna áfram að verndun viðkvæmra vistkerfa í hafinu við Ísland á grunni lagaramma um stjórn, nýtingu og verndun lifandi auðlinda hafsins, auk tillagna nefndar um friðun hafsvæða við Ísland.
- Uppfæra válista um plöntur og dýr og ljúka gerð válista um spendýr og smádýr fyrir 2010 og gera ráðstafanir til að vernda tegundir á válista s.s. með friðlýsingu tegunda og búsvæða og vinna verndaráætlani fyrir tegundir og stofna sem eru í mestri hættu.
- Þróa áfram og nýta aðferðir sem draga úr skaðlegum áhrifum veiðarfæra á lífríki í sjó, þar með talin áhrif á botndýr og sjófugla.
- Staðfesta Cartagena-bókunina um erfðabreyttar lífverur og framkvæma hana.
- Kortleggja helstu innflutningsleiðir framandi tegunda til landsins og hugsanlegar ógnir af þeirra völdum.
- Setja reglur um losun kjölfestuvatns frá öðrum hafsvæðum til að takmarka hættu á að framandi lífverur berist á íslensk hafsvæði.
- Efla fræðslu og tryggja aukið vægi samningsins um líffræðilega fjölbreytni þegar íslensk löggjöf sem tengist samningnum er endurskoðuð.

2.2.4 Náttúruverndaráætlun

Tilgangur náttúruverndaráætlunar er að koma upp neti verndarsvæða sem tryggja verndun náttúru Íslands og ýmsa þætti hennar svo sem líffræðilega fjölbreytni, landslag, jarðminjar, vistgerðir og vistkerfi. Í náttúruverndaráætlun fyrir tímabilið 2004-2008 sem var samþykkt á Alþingi árið 2004 var lögð til friðlýsing, samkvæmt lögum um náttúrvernd, á 14 svæðum á landinu. Þar af eru mörg strandsvæði og eyjar m.a. Látrabjarg, Löngufjörur, Stokkseyri-Eyrarbakki, Hrísey og Grímsey. Einnig var lagt til að hafsvæði fjarða og víka eins og Hamarsfjarðar, Ingólfssfjarðar, Álftafjarðar og Skerjafjarðar verði friðað. Fyrir utan Breiðafjörð, sem nýtur verndar samkvæmt sérstökum lögum um vernd Breiðafjarðar, eru flest friðlýst haf- og strandsvæði tiltölulega lítill og afmörkuð. Skerjafjörður innan bæjarmarka Garðabæjar var friðlýst sem búsvæði árið 2009. Árið 2010 var samþykkt þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013 sem felur í sér að fram til 2014 skuli unnið að friðlýsingu 11 svæða en að auki skuli stefna af því að friðlýsa þau sem eftir standa á náttúruverndaráætlun 2004-2008.

2.2.5 Friðun viðkvæmra hafsvæða

Í skýrslunni *Friðun viðkvæmra hafsvæða við Ísland* frá árinu 2005¹¹ er fjallað um hvernig verndun hafsvæða er háttar á Íslandi og stöðu þekkingar á lífríkinu umhverfis landið. Fjallað er um strand-eða sjávarsþæði, eyjar og höfða sem eru friðlýst á grundvelli náttúruverndarlaga og svæði sem

njóta verndar samkvæmt fiskveiðistjórnunarlögum, lögbundin veiðibönn og reglugerðarlokanir. Einnig er tekið saman efni um stöðu og viðmið verndunar viðkvæmra svæða á alþjóðavettvangi. Niðurstaða skýrslunnar er sú að það skortir skýra stefnumörkun um friðun viðkvæmra hafsvæða við Ísland og lagt til að slík stefnumótun verði heildstæð og byggi á gildandi lagaramma um stjórn og verndun lifandi auðlinda hafsins og ákvæðum laga um náttúruvernd. Einnig er lagt til að:

- Kortlagningu botngerða Íslands miða verði lokið innan áratugs.
- Þremur kóralsvæðum verði lokað sem fyrst eða þau friðuð til samræmis við tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar.
- Hverasvæði í sjó við Grímsey og á Kolbeinseyjarhrygg verði afmörkuð og friðuð.
- Gerðar verði breytingar á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands (nr. 77/1997) þannig að áherslur sem nefndin dregur fram fái vægi og rúmist betur innan ramma laganna og endurspegli þannig betur og skýrar markmið og inntak friðunar viðkvæmra hafsvæða.

2.2.6 Varnir gegn mengun sjávar frá landsstöðvum

Framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum er að formi til byggð á alþjóðaframkvæmdaráætlun sem 114 þjóðir samþykktu í Washington árið 1995. Íslenska framkvæmdaráætlunin um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum¹² er hugsuð sem hjálpartæki íslenskra stjórnvalda í baráttunni gegn mengun sjávar og byggir á sams konar áætlun Norðurskautsráðsins fyrir Norðurhjarann. Sú áætlun er svæðisbundin áætlun fyrir allt norðurheimsskautsvæðið, þar á meðal Ísland. Markmið framkvæmdaáætlunar eru eftirfarandi:

- Verndun heilsu manna.
- Minnka og koma í veg fyrir hnignun hafsins og strandsvæða.
- Endurreisn mengaðra svæða.
- Stuðningur við verndun og sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins.
- Viðhalda fjölbreytileika tegunda.
- Viðhalda menningarverðmætum.

Í skýrslunnar eru lagðar fram tillögur að aðgerðum til að draga úr mengun sjávar frá landi og snúa m.a. að þrávirkum efnum, þungmálmum, geislavirkum efnum, skölpi, olíu, næringarefnum og sorpi. Árangur Íslands við framkvæmd áætlunarinnar er að finna í skýrslunni *Icelandic National Programme of Action for the Protection of the Marine Environment from Land based Activities* frá árinu 2006.¹³

2.2.7 Loftslagsmál

Stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum var samþykkt árið 2007.¹⁴ Í stefnumörkuninni er að finna tillögur um aðgerðir í því skyni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, auka bindingu kolefnis og undirbúa aðlögun að loftslagsbreytingum. Aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eru veigamesti þátturinn í loftslagsstefnu stjórnvalda og snúa m.a. að einstökum geirum og atvinnugreinum þ.m.t. sjávarútvegi. Í aðgerðaráætlun í loftslagsmálum frá árinu 2010¹⁵ felst að dregið verði úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda um 30% til ársins 2020

miðað við árið 1990 með tíu lykilaðgerðum og munar þar mestu um aukna kolefnisbindingu með skógrækt og landgræðslu en auk þess stefnt að því að draga úr losun frá samgöngum, úrgangi, sjávarútvegi og orkuframleiðslu. Óvissa er um þróun losunar frá stóriðju.

2.2.8 Lög og reglur

Helstu stjórntæki stjórnvalda við nýtingu og stjórnun auðlinda á haf- og strandsvæðum eru lög og reglugerðir (tafla 1). Frá því að stefna stjórnvalda um hafið var samþykkt árið 2004 hafa ný lög og reglugerðir verið sett til að styðja við helstu markmið stefnunnar. Þar má nefna lög um varnir gegn mengun hafs og stranda og lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna, lög og reglugerðir um fiskeldi og skeldýrarækt og reglugerð um verndun kóralsvæða. Einnig má nefna reglugerð um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis og flutnings þess utan netlaga í landhelgi, efnahagslögsögu og landrunni Íslands.

Í skýrslu nefndar um úttekt á gildandi lögum og reglum um framkvæmdir og athafnir með ströndum landsins og í efnahagslögsögunni er birt yfirlit yfir íslenska löggjöf sem með einum eða öðrum hætti snýr að málefnum hafsins.¹⁶ Þar má nefna lög um stjórnun fiskveiða, fiskeldi, náttúruvernd, hollustuhætti, varnir gegn mengun hafs og stranda og lög um mat á umhverfisáhrifum. Í skýrslunni kemur fram að engin heilstæð löggjöf nái til stjórnunar strandsvæða. Eftirfarandi yfirlitstafla byggir á skýrslunni auk þess sem bætt hefur verið við nýjum lögum sem töku gildi eftir að úttektin var unnin. Bent er á að auk laganna er fjöldi reglugerða sem snýr að málefnum hafsins.

Tafla 1. Yfirlit yfir íslenska löggjöf sem tengist haf- og strandsvæðum. Skammstöfun ábyrgðaraðila er skýrð aftast í töflunni.

Löggjöf	Markmið og gildissvið	Ábyrgð
Jónsbók (netlög) 1281	Að gera með lögum ljóst mörk eignarréttar landeigenda ofl.	RSF
Tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849	Að taka á rétti sjávarjarða til veiða innan netlaga.	SLR
Lög um beitutekju nr. 39/1914	Réttur til beitutekju innan netlaga jarða.	SLR
Lög um skipströnd og vogrek nr. 42/1926	Að setja fram reglur um ráðstöfun strandgóss.	IRR
Lög um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum ofl. nr. 22/1932	Að áskilja bæjarfélagi forkaupsréttur á hafnarmannvirkjum og lóðum sem ligga að sjó.	IRR
Lög um ostrurækt nr. 21/1939	Heimildir til ostruræktar, friðlýsingar vegna ostruræktar	SLR
Lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins nr. 44/1948	Að setja reglugerð sem ákváðar takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins	SLR
Lög um hvalveiðar nr. 26/1949	Að regluvæða hvalveiðar	SLR
Lög um Lax- og silungsveiði nr. 76/1970	Að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskistofna í ferskvatni og verndun þeirra.	SLR
Lög um bann við losun hættulegra efna í sjó nr. 20/1972	Að banna að losa í sjó hættuleg efni eða efnasambönd.	UMH
Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfest fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu nr. 14/1979	Staðfesting alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar	UMH, UST
Lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn nr. 41/1979	Að afmarka landhelgi, efnahagslögu og landgrunn og réttindi íslenska ríkisins og vernda hafið gegn mengun og öðrum spjöllum	UTR
Siglingalög nr. 34/1985	Að regluvæða samgöngur á hafi	IRR
Lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006	Að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna og kveða á um eignarhald þeirra	SLR, HR, FS
Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins nr. 73/1999	Að skilgreina eignarhald að auðlindum hafsbotsins	IDN

Tafla 1. Frh.

Löggjöf	Markmið og gildissvið	Ábyrgð
Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994	Að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna, skipulag á veiðum og annari nýtingu dýra og koma í veg fyrir tjón sem villt dýr kunna að valda	UMH,UST,NSÍ
Lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995	Að stuðla að vernd Breiðafjarðar	UMH,UST, NSÍ, BN
Lög um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996	Að bæta umgengni um nytjastofna sjávar og stuðla að því að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti	SLR, FS
Lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997	Að stuðla að viðgangi og hagkvæmri nýtingu nytjastofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi	SLR, HR,FS
Lög um sjóvarnir nr. 28/1997	Að verja svæði gegn sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar	IRR,SS
Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998	Að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi	UMH,UST
Sveitarstjórnarlög nr. 45/1998	Skipting landsins í sveitarfélög sem ráða sjálf mállefnunum sínum á eigin ábyrgð	IRR
Lög um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða nr. 55/1998	Að tryggja neytendum að íslenskar sjávarafurðir séu heilnæmar, standist kröfur um gæði og hreinlæti og að merkingar séu fullnægjandi	SLR
Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998	Að skilgreina eignarhald að auðlindum innan netlaga og kveða á um rétt til rannsókna og nýtingar á þeim auðlindum	IDN, OS
Lög um náttúruvernd nr. 44/1999	Að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft	UMH,UST
Lög um vitamál nr. 132/1999	Að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis í siglingum við Íslandsstrendur og á fiskimiðum.	IRR, SS
Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000	Að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd sem hefur í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum, að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum	UMH, SLS
Lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolefnisnr. 13/2001	Að kveða á um eignarrétt að kolvetni og setja reglur um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis	IDN,OS

Tafla 1. Frh.

Löggjöf	Markmið og gildissvið	Ábyrgð
Lög um varnir gegn landbroti nr. 91/2002	Að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot og annað tjón á landi með fyrirhleðslum gegn ágangi vatna	SLR, LG
Hafnalög nr. 61/2003	Skipulag hafnarsvæða	IRR, SS
Raforkulög nr. 65/2003	Að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Lögin taka til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku á íslensku forráðasvæði án tillits til orkugjafa.	IDN, OS
Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006	Að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum	UMH, SLS
Lög um fiskeldi nr. 71/2008	Að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og tryggja verndun villtra nytjastofna	SLR, FS
Lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009	Að tryggja uppbyggingu og starfrækslu fráveitna þannig að frárennsli valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið	UMH
Skipulagslög nr. 123/2010	Að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósí	UMH, SLS
Lög um mannvirki nr. 160/2010	Að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit	UMH, MVS
Lög um stjórн vatnamála nr. 36/2011	Að vernda vatn og vistkerfi þess, að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímaþvernd vatnsauðlindarinnar. Taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap	UMH, UST
Lög um skeldýrarækt nr. 90/2011	Að skapa skilyrði til ræktunar skeldýra, setja reglur um starfsemina og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Að auki stefna lögin að viðhaldi liffraðilegrar fjölbreytni og verndun náttúru við ræktun skeldýra.	SLR, MAT

Tafla 1. Frh.

Skilgreiningar	
Breiðafjarðarnefnd	BN
Fiskistofa	FS
Hafrannsóknastofnunin	HR
Iðnaðarráðuneytið	IÐN
Innanríkisráðuneytið	IRR
Landgræðslan	LG
Mannvirkjastofnun	MVS
Matvælastofnun	MAT
Náttúrufræðistofnun Íslands	NSÍ
Orkustofnun	OS
Ríki og sveitarfélög	RSF
Siglingastofnun Íslands	SS
Sjávarútveg-s og landbúnaðarráðuneytið	SLR
Skipulagsstofnun	SLS
Umhverfisráðuneytið	UMH
Umhverfisstofnun	UST
Utanríkisráðuneytið	VEL

3 Staða skipulags á haf- og strandsvæðum á Íslandi og í nágrannalöndunum

Á undanförnum árum hefur víða um heim verið unnið að því að þróa hentug skipulagstæki og skipulagsferla til að koma böndum á stjórnsýslu hafsvæða og tryggja vernd og viðhald náttúruauðlinda í hafinu. Það hefur því orðið til talsverð þekking á hvernig æskilegt er að standa að hafskipulagi og reynslan fer hraðvaxandi þó hún sé ekki orðin nægilega útbreidd. Markmiðið er almennt að hafa vistkerfið (e.ecosystem approach) í forgrunni og samhliða að stuðla að skynsamlegri nýtingu auðlindanna með sjálfbæra þróun að leiðarlíðsi.

Sem dæmi um þjóðir sem hafa unnið að þróun hafskipulags má nefna Kanadamenn sem þegar árið 1997 samþykktu löggjöf sem tók heilstætt á málefnum hafsins. Ári síðar samþykktu Ástralir hafskipulagsstefnu sem felur í sér að útfærðar verði svæðisbundnar hafskipulagsáætlanir og leit hin fyrsta dagsins ljós 2004 (*South-east Regional Marine Plan*). Meðal landa í Evrópu sem hafa sýnt frumkvæði í gerð hafskipulags má nefna Noreg, sem nánar verður fjallað um hér á eftir en einnig Holland, Þýskaland og Belgía. Það sem hefur rekið þessi lönd til þess að vinna hafskipulag eru vaxandi árekstrar á milli mismunandi notenda, svo sem vegna siglinga, sæstengja, efnistöku og vindmylla en ekki síður vegna þeirrar hættu sem ástandi hafsins, verðmætum náttúrufyrirbærum og viðkvæmum hrygningarsvæðum stendur af vegna aukins álags af notkun. Þá er talið að nýjar þarfir og nýjar hugmyndir um notkun geti komið fram svo sem vaxandi áhugi á ölduvirkjun og niðurdælingu kolefna.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir stöðu skipulagsmála varðandi hafsvæði hér við land og hafskipulags á Norðurlöndum og í Skotlandi, helstu atriðum í þeim löndum varðandi tegund hafskipulags og fyrirkomulag stjórnsýslunnar. Þessi lönd eru valin af því að þau liggja næst Íslandi. Ísland tekur auk þess þátt í virku samstarfi t.d. við Norðurlöndin um skipulag hafsvæða.

3.1 Ísland

Stjórnsýsla. Fram til þess að breytt skipulag Stjórnarráðs Íslands tók gildi 1. september 2012 fóru fjögur ráðuneyti og ellefu stofnanir þeirra með meginábyrgð á málefnum hafsins. Ekkert ráðuneyti fer með yfirstjórn málafloksins. Sveitarfélögin í landinu (nú 75 talsins) bera ábyrgð á skipulagi á landi og hafi innan marka sveitarfélaganna, þ.e. 115 m út frá stórstraumsfjöru.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið fór með mál er varða sjávarútveg, rannsóknir á fiskistofnum og verndun og nýtingu þeirra og annarra lifandi auðlinda hafsins og hafsbotsnsins, sem og stjórnun svæða þar sem þær eru nýtanlegar. Auk þess fór ráðuneytið með rannsóknir og eftirlit með framleiðslu og innflutningi sjávarafurða, eldi nytjastofna sjávar sem og stuðning við rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi. Stofnanir ráðuneytisins sem snúa að málefnum hafsins voru Hafrannsóknastofnunin, Fiskistofa, Matís, Matvælastofnun og Veiðimálastofnun.

Umhverfisráðuneytið fór með mál er varða náttúruvernd þar með talið vernd vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni og erfðaaudlinda, þjóðgarða og friðlýst svæði. Auk þess fór ráðuneytið með skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum, mál er snerta rannsóknir og umhverfisvöktun á sviði umhverfismála, varnir gegn mengun hafsins, eiturefnaeftirlit, loftslagsmál og matvælaeftirlit, sem ekki er lagt til annars ráðuneytis. Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun fara með málaflokka sem snúa að haf- og standsvæðum.

Iðnaðarráðuneytið fór með mál er varða leit, rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum, á, í eða undir hafbotni, s.s. jarðefnum (möl og sandi, skeljasandi, kalkþörungaseti, málumum og kolvetni, þ.e. olíu og gasi), jarðhita og fersku vatni. Iðnaðarráðuneytið fór einnig með rannsóknir og nýtingu á orkulindum og umsjón með raforkumarkaði. Orkustofnun sér um framangreinda málaflokka. Auk þess hafði ráðuneytið málefni sem snúa að atvinnuþróun og nýsköpun, byggðamálum og mörkun ferðamálastefnu.

Innanríkisráðuneytið fer meðal annars með mál er varða skipulag samgangna á sjó, siglingar, vita, hafnir og sjóvarnir. Einnig fer ráðuneytið með gæslu landhelgi og fiskimiða, framkvæmd Schengen samningsins, sjómælingar og sjókortagerð. Ráðuneytið fer jafnframt með fjarskiptamál, ferðamál og sveitarstjórnarmál. Landhelgsgæsla Íslands, Siglingastofnun og Vegagerðin fara með málefni sem snúa að hafinu.


Utanríkisráðuneytið fer með milliríkja- og fjölpjóðasamninga, þróunarsamvinnu sem og aðild Íslands að alþjóðlegum samtökum, stofnunum, ráðstefnum og fundum er varða opinbera hagsmuni og falla ekki undir önnur ráðuneyti.

Skipulag. Í september 2011 skilaði nefnd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra úttekt á gildandi lögum um framkvæmdir og athafnir með ströndum landsins og í efnahagslögsögunni.¹⁷ Nefndinni var einnig ætlað að meta hvort gera þyrfti skýrari reglur þar um og hvort ástæða væri til að setja löggjöf um skipulag strandsvæða. Í skýrslu sinni bendir nefndin m.a. á að málefni hafssins falli undir mörg ráðuneyti og skortur sé á samráði milli stofnana sem fari með reglur um framkvæmdir og athafnir með ströndum landsins og í efnahagslögsögunni og af þeim sökum vanti heildarsýn yfir starfsemi á hafsvæðum við Ísland. Að hluta til stafi það af því að hentug tól vanti sem nota megi til að skapa yfirsýn yfir nýtingu og vernd hafsvæða (t.d. miðlæga gagnamiðlun og/eða upplýsingagátt), en einnig vegna þess að samráð skorti milli opinberra stofnana, sem m.a. veita leyfi fyrir starfsemi á haf- og strandsvæðum og hafi eftirlit með þeim. Þá bendir nefndin á að á landi sé landnotkun skilgreind í skipulagaáætlunum, en engar áætlanir séu til um nýtingu gæða hafssins. Mögulega væri hægt að nota landsskipulagsstefnu til að setja fram skipulagsstefnu stjórnvalda fyrir hafið sem hafi sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að verkefninu *Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða*¹⁸. Meginmarkmið áætlunarinnar er að gera sampætta nýtingaráætlun fyrir strandsvæði fjórðungsins, en á fyrstu stigum verkefnisins var hins vegar ákveðið að afmarka verkefnið í fyrstu við Arnarfjörð. Álag og ásókn í nýtingu fjarðarins hefur farið vaxandi á undanförnum árum og í verkefninu er búið að skrá núverandi nýtingu Arnarfjarðar. Vinna við áætlunina er komin vel á veg og fyrstu drög að sampættri nýtingaráætlunar Arnarfjarðar eru tilbúin. Ætlunin er að sveitarfélög, sem að firðinum liggja, muni hafa áætlunina til hliðsjónar við samræmingu á stjórnun og nýtingu fjarðarins í samvinnu við hagsmunaaðila. Þannig muni áætlunin stuðla að sjálfbærri nýtingu Arnarfjarðar til hagsbóta fyrir samfélag, efnahagslíf og umhverfi.

Aðalskipulag sveitarfélaga við Arnarfjörð takmarkast við línu sem liggar 115 m utan við stórstraumsfjöruborð (netlög) en utan þess er ekkert skipulag í gildi og öll stjórnun og ákvarðanataka á forræði margra stofnana og ráðuneyta. Nýtingaráætlun Arnarfjarðar á sér ekki lagastoð og er því hvorki bindandi fyrir sveitarfélöginn né aðra sem koma að stjórnun svæðisins. Hún felur hins vegar í sér stefnuyfirlýsingu sveitarfélaganna á svæði sem miðar við eina sjómílu á

haf út miðað við grunnlínupunkta landhelginnar. Þar er mörkuð stefna um fjölbreytta nýtingu m.a. veiðar, fjarskipti, efnis- og kalkþörunganám, hlunnindi, fiskeldi, kræklingaráækt, útivist, siglingaleiðir og verndun lífríkis og menningarminja. Áætlunin er sett fram í greinargerð og á uppdráttum þar sem fram kemur svæðaskipting m.t.t. nýtingar (mynd 1). Stefnt er að því að nýtingaráætlunin verði viðauki við svæðisskipulag á Vestfjörðum sem stefnt er að verði unnin samkvæmt skipulagslögum.



Mynd 1. Stefna sveitarfélaga á Vestfjörðum um nýtingu Arnarfjarðar samkvæmt tillögu að nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar (mynd: Teiknistofan Eik ehf.).

3.2 Yfirlit yfir stöðu hafskipulags í nágrannalöndunum

Á undanförnum árum hefur víða um heim verið unnið að því að þróa hentug skipulagstæki og skipulagsferla til að koma böndum á stjórnsýslu hafsvæða og tryggja vernd og viðhald náttúruauðlinda í hafinu. Talsverð þekking er því að verða til um hvernig æskilegt er að standa að hafskipulagi þó hún sé ekki orðin nægilega útbreidd. Markmiðið er almennt að hafa vistkerfið í forgrunni (e.ecosystem approach) og samhlíða að stuðla að skynsamlegri nýtingu auðlindanna með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Sem dæmi um þjóðir sem hafa unnið að þróun hafskipulags má nefna Kanadamenn sem þegar árið 1997 samþykktu löggjöf sem tók heilstætt á málefnum hafsins. Ári síðar samþykktu Ástralir hafskipulagsstefnu sem felur í sér að útfærðar verði svæðisbundnar hafskipulagsáætlanir og leit hin fyrsta dagsins ljós 2004 (*South-east Regional Marine Plan*). Meðal landa í Evrópu sem hafa

sýnt frumkvæði í gerð hafskipulags má nefna Noreg, sem nánar verður fjallað um hér á eftir en einnig Holland, Þýskaland og Belgíu. Það sem hefur rekið þessi lönd til þess að vinna hafskipulag eru vaxandi árekstrar á milli mismunandi geira, svo sem vegna siglinga, sæstrengja, efnistöku og vindmylla en ekki síður vegna þeirrar hættu sem ástandi hafsins, verðmætum náttúrufyrbærum og viðkvæmum hrygningarsvæðum stendur af vegna aukins álags af notkun. Þá er talið að nýjar þarfir og nýjar hugmyndir um notkun geti komið fram svo sem vaxandi áhugi á sjávarfalla- og ölduvirkjunum og niðurdælingu kolefna.

Hér á eftir er gerð grein fyrir stöðu hafskipulags á Norðurlöndum og í Skotlandi, helstu þáttum þess og hvernig því er fyrir komið í stjórnsýslunni (sjá einnig samantekt í töflu 2). Þessi lönd eru valin af því að þau liggja næst okkur auk þess sem Ísland er í virku samstarfi við Norðurlöndin um skipulag hafsvæða. Fleiri lönd hafa þó unnið að skipulagi haf- og strandsvæða t.d. í Evrópu, Norður-Ameríku og Ástralíu.

Tafla 2. Staða hafskipulags á Norðurlöndum og Skotlandi.

Ríki	Stjórntæki fyrir skipulag hafsvæða	Ábyrgðaraðili	Yfirráð og afmörkun skipulagssvæða
Noregur	Unnar eru hafsskipulagsáætlanir (n. forvaltningsplaner) á grundvelli ákvörðunar stórbingsins sem einnig sambýkkir fullgerða áætlun. Markmiðið með gerð þeirra er að hafa yfir að ráða stjórntæki sem bæði stuðlar að verðmætasköpun á grundvelli auðlinda hafsins og til að vernda og viðhalda vistkerfi þess.	Áætlanirnar eru unnar þvert á ráðuneyti og stofnanir sem fara með málefni hafsins undir stjórn umhverfisráðuneytisins.	Afmörkun svæðanna er frá grunnlínu og að ytri mörkum efnahagslögsögunnar. Saman þekja áætlanirnar þjárhalt hafsvæðið meðfram strönd Noregs. Skipulagsvald sveitarfélaga nær eina sjómílu út fyrir grunnlínu að öðru leyti en því að skipulag olíuleiðsla og aðrar framkvæmdir tengda orkuflutningi er á ábyrgð ríkisins.
Danmörk	Hafsskipulag hefur ekki verið innleitt í Danmörku Stjórnsýsla á hafinu, þ.m.t. áætlanagerð og leyfisveitingar er í höndum mismunandi geira, t.d orkugeirans og fiskveiðigeirans.		Skipulagsvald sveitarfélaga er á landi. Ríkið fer með yfirráð hafsvæða.

Tafla 2 frh.

Ríki	Stjórntæki fyrir skipulag hafsvæða	Ábyrgðaraðili	Yfírráð og afmörkun skipulagssvæða
Svíþjóð	Samkvæmt núgildandi lögum eiga aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga að taka á skipulagi hafssvæða fyrir innan 12 sjómílna mörkin.	Fá og með 1. júní 2011 hefur Hav- og vattenmyndigheten yfirumsjón með ráðstöfun hafssvæða og leyfisveitingum í samráði við yfirvöld á svæðisvísu og sveitarfélög og yfirvöld	Skipulagsvaldsveitarfélaga tekur til 12 sjómílna utan við grunnlínu.
	Unnið er að lagasetningu um hafsskipulag og hefur þegar verið ákveðið að hafsvæðið innan særskraltlögsögu verði skipt í þrjú skipulagssvæði.	Hav- og vattenmyndigheten mun bera ábyrgð á gerð hafsskipulags þegar lög þar um hafa verið samþykkt.	Samkvæmt tillögu að lagafrumvarpi mun hafsskipulag ríkisins ná til særskulu efnahags-lögsögunnar frá línu sem dregin er 1 sjómílu fyrir utan grunnlínu.
Finnland	Hafsskipulag sem slíkt hefur ekki verið innleitt en unnið er að þróun hafsskipulagsáætlunarí samvinnu við alþjóðasamfélagið. Sveitarfélögum er skylt að vinna svæðisskipulag og getur það tekið til hafssvæða. Aðalskipulag sveitarfélaga getur einnig tekið til hafssvæðis 12 sjómílur út fyrir grunnlínu. Um skipulag hafsvæða gilda stefnuskjöl ríkisins (riks-intresser)		Skipulagsvald sveitarfélaga tekur til hafsvæðis 12 sjómílur út fyrir grunnlínu.
Skotland	Gerð hafsskipulags var innleitt með lögum Marine (Scotland) Act 2010. Hafsskipulag verðu unnið á tveimur stigum, annars vegar sem stefna fyrir allt hafssvæði að 200 sjómílna mörkunum og hins vegar á svæðisvísu.	Marin Scotland er ný stofnun sem sett var á fót með lögnum um málefni hafsins frá 2010. Stofnun hefur yfirumsjón með stefnumörkun um málefni hafsins og gerð hafsskipulags auk þess að sinna eftirliti, leyfis-veitingum og rannsóknum.	Skipulagsvald sveitarfélaga að sjó takmarkast við stórstrauðs-fjöruborð. Hafsskipulagið mun taka yfir hafsvæði frá stórstrauðsfjöru og að mörkum landhelginnar.

3.2.1 Noregur

Norðmenn hafa innleitt hafskipulag, sem þeir nefna *forvaltningsplaner for havsområder*. Markmiðið er hafa yfir að ráða stjórnæki sem bæði stuðlar að verðmætasköpun á grundvelli auðlinda hafsins og til að vernda og viðhalda vistkerfi þess. Upphof þessa má rekja til samþykktar Stórbingsins frá 2002 á tillögu ríkisstjórnarinnar sem sett var fram í skýrslu (*Rent og rikt hav*)¹⁹ um að hefja vinnu við að móta og samþætta áætlanir um nýtingu og vernd á hafsvæði Noregs og þróa til þess verkferla og verkfæri. Á grundvelli þessa var fyrsta hafskipulagið²⁰ samþykkt í Stórbinginu 2006 fyrir Barentshaf og hafsvæðið kringum Lofoten. Samhliða var ákveðið að áætlunin skyldi endurskoðuð 2010 og var sú endurskoðun samþykkt í Stórbinginu 11. mars 2011²¹. Næst var Noregshaf tekið fyrir og var hafskipulag þess samþykkt í Stórbinginu 2009²². Vinna við hafskipulag fyrir Norðursjó og Skagerak er hafin og er stefnt er að því að ljúka gerð þess árið 2013. Þegar síðast nefnda áætlunin hefur verið samþykkt mun liggja fyrir hafskipulag fyrir alla efnahagslögsögu Noregs fyrir utan mörk sveitarfélaga sem liggja eina sjómílu fyrir utan grunnlínu.

Ekki er kveðið á um gerð hafskipulags í norscum lögum þannig að núgildandi hafskipulagsáætlanir eru alfarið unnar á grundvelli ákvörðunar í Stórbinginu. Áætlanirnar endurspeglar þannig pólitískan vilja ríkisvaldsins en eru ekki bindandi að öðru leyti en því sem kveðið er á um í lögum um einstaka málaflokka, svo um fiskveiðar, siglingar og olíuvinnslu og í alþjóðlegum samningum.

Skipulagsferli norska hafskipulagsáætlana byggir á þverfaglegri vinnu²³. Stýrihópur, sem skipaður er fulltrúum þvert á ráðuneyti og stofnanir, samþættir gerð hafskipulagsáætlana. Umhverfisráðuneyti Noregs samræmir skipulagsferlið og leiðir vinnu stýrihópsins. Stýrihópnum til ráðgjafar eru þrír faghópar, fagráð (n. faglig forum) leitt af norsku pólstofnunni (*Norsk Polarinstittutt*), eftirlits- eða vöktunarhópur (n. overvågningsgrupp) leiddur af norsku hafrannsóknastofnuninni og hættumatshópur (n. risikogrupp) leiddur af norsku siglingamálastofnuninni (Kystverket). Vinnunni tengist einnig samráðshópur hagsmunaðila og er



Mynd 2. Skipurit vegna vinnu við hafskipulagsáætlun fyrir hafsvæði við Noreg.
Heimild: Skýrsla til norska þingsins (Meld.St.10 2010-2011)

haft samráð við aðrar þjóðir í formlegu samstarfi á alþjóðavettvangi. Þannig má segja að samþykkt hafskipulag er sameiginlegur samningur þeirra sem koma að málefnum hafsins, um

ráðstöfun hafsvæða til nýtingar og verndar og liggur til grundvallar leyfisveitingum. Á mynd 2 má sjá skipurit fyrir gerð hafskipulags í Noregi. Þegar fyrir liggur tillaga stýrihópsins að hafskipulagsáætlun (n.forvaltningsplan) og umhverfismat hennar, sem hefur verið kynnt opinberlega, afgreiðir stýrihópurinn tillöguna til umhverfisráðuneytisins sem undirbýr endanlega tillögu til samþykktar í Stórbenginu.

Gerð norskra hafskipulagsáætlana byggir að mestu leyti á fyrirliggjandi upplýsingum um starfsemi og náttúrufar, á þekkingu fagstofnana og fyrirliggjandi áætlunum í einstökum málaflokkum. Skortur á upplýsingum er ekki láttinn stöðva skipulagsferlið en þar sem það á við er farið varlegar í sakirnar og frekari upplýsinga safnað. Þannig var við samþykkt fyrsta hafskipulagsins fyrir Barentshafið ákveðið hvenær það skyldi endurskoðað og í kjölfar samþykktarinnar ráðist í að vinna skýrslur um tiltekin málefni sem óvissa ríkti um. Þessar framhaldsrannsóknir og nýfengin reynsla, þ.m.t. af olíuslysinu í Mexikóflóa, voru síðan nýttar við endurskoðun þessa fyrsta hafsskipulags Norðmanna.

Skipulagsvald sveitarfélaga nær eina sjómílu til hafs utan við grunnlinu samkvæmt norskum skipulags- og byggingarlögum frá 2008. Sveitarfélögum er samkvæmt lögunum heimilt að skipuleggja framkvæmdir og aðgerðir innan þessa svæðis, svo sem í tengslum við fiskeldi, siglingar og aðra notkun eða vernd á haffleti, í vatnssúlu og á hafsbotni. Þetta gildir þó ekki um legu olíuleiðslna og aðrar framkvæmdir sem tengjast flutningi á raforku, þær eru alfarið á ábyrgð ríkisins.

Í norskum skipulags- og byggingarlögum er jafnframt kveðið á um að óheimilt sé að veita leyfi til framkvæmda á 100m beltí landmegin við ströndina. Þetta ákvæði er þó sveigjanlegt miðað við aðstæður á hverjum stað og á grundvelli skipulags- og byggingalaga voru í mars 2011 gefnar út leiðbeiningar eða reglugerð stjórnvalda (n.statlige planretningslinjer)²⁴ um hvernig beita mætti þessu ákvæði um strandsvæði með það að markmiði að gæta almannahagsmuna og hindra óheppilega uppbyggingu á strandsvæðum. Stefnan hefur mismunandi áhrif á útfærslu, allt eftir hversu viðkvæmt svæði er eða hversu ágeng uppbygging verður. Með hliðsjón af þessari stefnu stjórnvalda getur sveitarfélag í sínu aðalskipulagi heimilað nauðsynlegar byggingar og minni háttar mannvirki í tengslum við landbúnað, sjóeldi, veiðar og samgöngur á sjó.

Fylkisstjórnir eru ábyrgar fyrir gerð svæðisskipulags og geta unnið svæðisskipulag fyrir strandsvæði þ.m.t. fyrir fiskeldi og afnot hafsvæða. Stefna stjórnvalda á landsvísu um strandsvæði skal lögð til grundvallar haf- og strandsvæðaskipulagi svæðisyfirvalda og skipulagsgerð sveitarfélaganna.

3.2.2 Danmörk

Danmörk hefur ekki innleitt sérstakt hafskipulag en viðfangsefnið hefur verið nokkuð til umræðu á undanförnum árum, sérstaklega samþætting skipulags haf- og strandsvæða. Fram hefur komið að Danir bíði eftir niðurstöðum úr vinnu á vegum ESB um samþættingu skipulags á haf- og strandsvæðum sem gert er ráð fyrir að muni liggja fyrir á árinu 2012.

Yfírráð innan dönsku landhelginnar byggir á svokölluðum fullveldisrétti, það er að ríkið fer með stjórnsýslu og málefni hafssins, sbr. einnig ákvæði alþjóða hafréttarsamningsins.

Fullveldisrétturinn er að einhverju leyti festur í lög fyrir einstök svið eða málaflokka, t.d. lög um hafnir (dk. havneloven) og strandverndarlög (dk. kystbeskyttelsesloven).

Stjórnsýsla hafsvæða snýst fyrst og fremst um útgáfu leyfa og ráðstöfun hafsvæða miðað við þarfir mismunandi málaflokka, svo sem fyrir orkuvinnslu, efnistöku eða fiskveiðar. Leyfi til aðgerða og framkvæmda eru gefin út af mismunandi aðilum og samráðið á sér fyrst og fremst stað í kynningarferli í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda eða á samráðsvettvangi stofnana. Sumar þeirra stofnana sem fara með málefni sem tengd eru notkun hafsvæða, vinna áætlanir til að styðja við stjórnsýsluna svo sem leyfisveitingar, annað hvort á grundvelli laga um málaflokkinn eða einfaldlega vegna þess að það þykir skynsamlegt.

Ekki liggr fyrir samræmd stefna um strandskipulag í Danmörku. Samþætting skipulags á landi og strandsvæðum er þó ágætlega fyrir komið þar sem tekið er á henni í mismunandi lögum, svo sem hafnarlögum, strandverndarlögum og náttúruverndarlögum (dk. miljømålslov).

Skipulagsvald danskra sveitarfélaga nær aðeins til lands og takmarkast við að þeim er heimilt að gera ráð fyrir bað- og bátabryggjum á strandsvæðum að teknu tilliti til lagaákvæða sem annars kunna að gilda um strandsvæði. Skipulag landmegin á strandsvæðum er jafnframt háð ákveðnum takmörkunum. Í náttúruverndarlögum er kveðið á um að óheimilt sé að skerða náttúruleg og lítt snortin strandsvæði og klettabelti á 300m breiðu beltí landmegin frá hafi. Í skipulagslögum er einnig ákvæði um að utan skilgreinds þéttbýlis, á svokölluðum nærsvæðum stranda (dk.kystnærhedszonan) sem er 3 km breitt beltí frá hafi, megi einungis reisa mannvirki sem er háð því að vera í nánum tengslum við sjó.

Öll ráðstöfun hafssins og strandsvæða sjávarmegin er því alfarið á forræði ríkisins en samráð er haft við sveitarfélög t.d. vegna vinnu við umhverfismat áætlunar eða mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Sveitarfélöginn bera ábyrgð á að vinna aðgerðaráætlanir í tengslum við vatnaáætlanir yfirvalda, þ.e. til verndar á ástandi ferskvatns og strandsjávar samkvæmt vatnatilskipun Evrópusambandsins.

3.2.3 Svíþjóð

Eins og málum er nú háttar að eru sveitarfélög, á grundvelli skipulags- og byggingarlaga, ábyrg fyrir skipulagi hafsvæða innan marka landhelginnar (12 sjómílur utan við grunnlínu). Reyndin er hins vegar sú að almennt er ekki tekið á skipulagi hafsvæða í aðalskipulagi sveitarfélaga og það virkar því ekki sem skyldi sem stjórntæki fyrir notkun eða vernd.

Í Svíþjóð eru ekki unnar áætlanir fyrir einstaka málaflokka eða fyrir einstaka geira fyrir utan járnbrautir og vegi. Í vinnslu er frumvarp til laga um hafskipulag og er gert ráð fyrir að það verði að lögum á árinu 2012. Upphaf þessa er að í nóvember 2009 skipaði sænska ríkisstjórnin nefnd til að koma með tillögur um verkfæri og verkferli fyrir gerð hafskipulags ásamt tillögum um nauðsynlegar lagabreytingar. Í skýrslu nefndarinnar, sem kom út í desember 2010²⁵, var lagt til að sett verði lög og sérstök stofnun sett á laggirnar um gerð hafskipulags. Í skýrslu nefndarinnar er gert ráð fyrir að hafskipulag geti að hluta til verið bindandi en einnig stýrandi og leiðbeinandi. Ef tillaga nefndarinnar að lögum um hafskipulag verður samþykkt mun skipulag hafsvæða verða unnið í samráði við lénsstjórnir og sveitarfélög á strandsvæðum. Hafskipulag mun verða háð

samþykki ríkisstjórnarinnar og verða ráðandi fyrir skipulag sveitarfélaga og leyfisveitingar. Lagt er til að hafsvæðinu verði skipt í þrjú svæði og skipulag unnið fyrir hvert þeirra, þ.e. fyrir Helsingjobotn, Eystrasalt og Jótlandshaf (Kattegat) og taka til alls hafsvæðis frá einni sjómílu utan við grunnlínu. Verði tillaga nefndarinnar sett í lög má gera ráð fyrir að fyrsta kynslóð hafskipulags liggi fyrir 2016.

Í samræmi við tillögur nefndarinnar tók til starfa ný stofnun þann 1. júlí 2011 og nefnist hún *Hav- och vattenmyndigheten* (haf- og vatnastofnun). Hlutverk stofnunarinnar er að hafa umsjón með skipulagi hafsvæða, stjórn og eftirlit með hafsvæðum og einnig gerð vatnaáætlunar á grundvelli vatnatiskipunar Evrópusambandsins. Stofnunin á að gæta þess að umhverfismarkmið stjórnvalda í tengslum við haf og vatn náist auch þess sem stofnunin á að hafa eftirlit með aðgerðum á hafinu, þ.m.t. fiskveiðum. Flest þau verkefni er varða haf og vatn hafa verið flutt frá sánsku náttúrufræðistofnuninni (Naturvårdsverket) og yfir í hina nýju stofnun. Samhliða því að stofnunin tók til starfa var sánska fiskistofan (Fiskeriverket) lögð niður og verkefni hennar flutt undir hina nýju stofnun.

3.2.4 Finnland

Í Finnlandi nær skipulagsvald sveitarfélaga til allrar landhelginnar líkt og í Svíþjóð, þ.e. 12 sjómílur út fyrir grunnlínu skv. skipulags og byggingarlögum sem tóku gildi árið 2000. Stjórnsýsla finnsku efnahagslögsögunnar er alfarið á ábyrgð ríkisins.

Umhverfisráðherra setur almenna stefnu um skipulagsmál (se. riksinteresser) til nánari útfærslu í svæðisskipulagi (se. landskapsplan) og í aðalskipulagi (se. generalplan) sveitarfélaga. Samtökum sveitarfélaga á svæðisvísu er skyld að vinna svæðisskipulag og getur það tekið til haf- og strandsvæða. Svæðisskipulagið er háð samþykki umhverfisráðherra og er það bindandi fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga.

Að öðru leyti er gerð hafskipulags ekki þróað í Finnlandi en Finnar hafa tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi við að þróa verkfæri og ferla fyrir hafskipulag. Annars vegar í samstarfi við Svíu í svokölluðu *Plan-Botnia* - verkefni sem er tilraunaverkefni um skipulag Helsingjobotns, á milli Finnlands og Svíþjóðar, og mun því verkefni ljúka árið 2012. Hins vegar í samstarfsverkefni fleiri þjóða í kringum Eystrasaltið og hefur það verkefni nýlega skilað af sér stefnu um fyrirkomulag hafskipulags í Eystrasalti undir yfirschriftinni *BaltSeaPlan Vision 2030* og nær til allra athafna og verndar á því hafsvæði. Það verkefni er styrkt af Evrópusambandinu og hefur verið nýtt sem fyrirmund í evrópsku samhengi.

3.2.5 Skotland

Á árinu 2010 voru samþykkt lög²⁶ um skoska hafsvæðið á grundvelli laga um málefni hafsins fyrir allt Bretland²⁷. Í lögunum er skosku stjórninni falin yfirstjórn með skipulagi, vernd og leyfisveitingum á hafsvæðinu í kringum Skotland, innan 200 mílna lögsögunnar. Samkvæmt lögunum verður hafskipulagið útfært á tveimur stigum, annars vegar í áætlun á landsvísu fyrir skoska hafsvæðið og hins vegar í nákvæmara svæðisskipulagi fyrir afmörkuð hafsvæði innan skosku landhelginnar.

Stefna um skipulag hafsins setur leiðarljós fyrir frekari hafskipulagsgerð og skal sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun höfð að leiðarljósi. Hafskipulagið mun taka yfir hafsvæði frá stórstraumsfjöru og að mörkum 200 mílna lögsögunnar. Í hafskipulaginu verður lagður grunnur að ráðstöfun hafsvæða til nýtingar, verndarsvæði afmörkuð og jafnframt gerð grein fyrir hvernig bregðast eigi við loftslagsbreytingum.

Við gildistöku bresku laganna var öllum stofnum sem hafa með hafið að gera safnað undir einn hatt, *Marine Scotland*, og þar undir felld fimm meginfagsvið, þ.e. fyrir rannsóknir, eftirlit, fiskeldi, fiskveiðar og svo svið sem fer með stefnumótun um málefni hafsins og skipulag hafsvæða.

Árið 2010 kom út stefna²⁸ skoskra stjórnvalda um málefni hafsins. Á grundvelli stefnunnar og framangreindra laga fyrir skosk hafsvæði, voru á síðastliðnu ári kynnt drög að fyrsta hafskipulaginu²⁹. Gert var ráð fyrir að kynna tillögu að hafskipulagsstefnu og umhverfismat hennar á árinu 2012.

4 Kortlagning á lífríki, notkun og vernd

Í skýrslu nefndar á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra (september 2011) er m.a. bent á að það vanti heildarsýn yfir starfsemi á hafsvæðum við Ísland. Að hluta til stafi það af því að hentug tól vanti sem nota megi til að skapa yfirsýn yfir nýtingu og vernd hafsvæða (t.d. miðlæg gagnamiðlun og/eða upplýsingagátt), en einnig vegna þess að samráð skorti milli opinberra stofnana, sem hafa m.a. lögbundið hlutverk varðandi leyfisskylda starfsemi á haf- og strandsvæðum og eftirlit með þeim.

Í framhaldi af vinnu nefndarinnar var stofnaður samráðshópur um málefni hafsins, að frumkvæði Skipulagsstofnunar. Á þessum vettvangi leitaði Skipulagsstofnun eftir samstarfi stofnana við gerð greinargerðar um skipulag haf- og strandsvæða í tengslum við landsskipulagsstefnu 2013-2024. Í þeim tilgangi óskaði Skipulagsstofnun eftir gögnum sem nota mætti til að gera grófa greiningu á umfangi og eðli notkunarⁱⁱⁱ og verndar í hafinu við Ísland og frumgreiningar á hagsmunaárekstrum milli þessara þátta. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim upplýsingum sem Skipulagsstofnun óskaði eftir og samstarfsstofnanir veittu heimild til að nota vegna greinargerðar um skipulag haf- og strandsvæða, eðli þeirra og takmörkunum og þær dregnar saman til að veita yfirsýn yfir nokkra þætti lífríkis sjávar, notkun og vernd. Áréttar er að gögnin eru langt í frá tæmandi og í mörgum tilfellum er nákvæmni þeirra takmörkuð. Framsetning þeirra þjónar engu að síður fullnægjandi því hlutverki að lýsa mikilvægum þáttum í lífríki Íslands miða sem tengjast nýtingu auðlinda sjávar, verndarsvæðum við strendur landsins og í hafinu og veigamiklum þáttum í notkun hafsvæða.

4.1 Gögn sem nýtt voru til greiningar á notkun og vernd hafsvæða við Ísland

4.1.1 Fiskistofa

Fiskistofa annast stjórnsýsluverkefni á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, fiskræktar, fiskeldis, hvalveiða o.fl. Stofnunin gegnir mikilvægu hlutverki við að stuðla að ábyrgri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna og hvala í hafinu og sjálfbærri nýtingu laxfiska í ám og vötnum og verndun búsvæða þeirra. Fiskistofa gerir m.a. tillögur um lokanir veiðisvæða með það að markmiði að vernda smáfisk og koma í veg fyrir skaðlegar veiðar á íslenska hafsvæðinu. Þá ber

ⁱⁱⁱ Við kortlagningu og greiningu verður fjallað um notkun haf- og strandsvæða í þeim anda sem skilgreining á *landnotkun* í skipulagslögum segir fyrir um: *Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, frístundahús, iðnað, verslun, útvist og landbúnað*. Hins vegar verður ekki fjallað um nýtingu haf- og strandsvæða, sbr. skilgreiningu á *landnýting* í skipulagslögum: *Samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall og þéttleika byggðar*.

stofnuninni að stuðla að sjálfbærri nýtingu laxfiska í ám og vötnum landsins og vernda búsvæði þeirra í samvinnu við eigendur veiðiréttar og veiðifélög. Einnig annast Fiskistofa útgáfu rekstrarleyfa til fiskeldis. Hér á eftir verður lýst gögnum Fiskistofu, sem nýtt verða í þessari greinargerð.

A) Lög nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Fiskistofu ber að stuðla að viðgangi og hagkvæmri nýtingu nytjastofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi (200 sjómílur út frá grunnlinu). Til að stuðla að bættri umgengni um nytjastofna sjávar, m.a. með því að vernda smáfisk, beitir Fiskistofa veiðibanni á hafsvæðum, til lengri eða skemmri tíma. Í reglugerð sem takmarkar veiðar á tilteknu hafsvæði eru tilgreind þau hnít sem afmarka viðkomandi lokunarsvæði. Hér á eftir verður gerð grein fyrir svæðalokunum, sem í gildi voru í apríl 2012 og takmarka veiðar með togveiðarfærum, línu og dragnót, fleiri en einu veiðarfæri eða banna allar veiðar.


Svæði við Ísland þar sem allar veiðar eru bannaðar. Fiskistofa framfylgir reglum um friðun hrygningarborsks og skarkola sem stöðva veiðar á ákveðnum svæðum á þeim tíma sem hrygning fer fram í apríl. Á mynd 3 er afmörkuð svæði sem lokað eru á vetrarvertíð vegna hrygningar þorsks og skarkola í apríl (reglugerðir nr. 30/2005 og 225/2007). Auk þess er í byrjun apríl ár hvert í gildi samsvarandi bann við veiðum nær landi en 4 sjómílur frá fjörumörkum (Vestur- og Suðurland) og 3 sjómílur frá fjörumörkum (Norður- og Austurland). Þessar svæðalokanir eru ekki sýndar á myndinni.

Yfirlit yfir svæði þar sem allar veiðar eru bannaðar, ýmist allt árið eða hluta úr ári, má sjá á mynd 4. Í gildi er bann við öllum veiðum allt árið


- milli lands og Vestmannaeyja (reglugerð nr. 732/1997),
- á kóralsvæðum út af Suður- og Suðausturlandi (reglugerðir nr. 1140/2005 og 1095/2011).

Í gildi er bann við öllum veiðum hluta úr ári

- vegna hrygningar blálöngu (15. febrúar til 30. apríl, reglugerð nr. 202/2004),
- vegna hrygningar steinbíts (15. september til 30. apríl, reglugerð nr. 754/2010).




Mynd 3. Bann við öllum veiðum vegna hrygnings þorsks og skarkola. Gildir 12. til 21. apríl (vestan Dyrhólaeyjar) og 8. til 16. apríl (svæði austan Dyrhólaeyjar). Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).



Mynd 4. Yfirlit yfir svæði þar sem allar veiðar eru bannaðar, ýmist allt árið eða hluta úr ári. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).


Svæði við Ísland þar sem togveiðar og línuveiðar eru bannaðar. Á mynd 5 er yfirlit yfir hvar bannað er að veiða með fiskibotnvörpu og línu. Á yfirlitinu er ekki gerður greinarmunur á því hvort bannið eigi við allt árið eða hluta úr ári né hvort bannið nái til annars eða beggja veiðarfæranna. Svæðin eru skilgreind í ýmsum reglugerðum: nr. 162/2002, 68/2003, 875/2005, 50/2006 (um friðland í Surtsey), 747 til 749/2006, 861/2006, 310/2007, 100/2008, 520/2010 og 34/2012.




Mynd 5. Yfirlit yfir svæði þar sem bannað er að veiða með fiskibotnvörpu og/eða línu, ýmist allt árið eða hluta úr ári. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).

Svæði við Ísland þar sem veiðar með dragnót eru bannaðar. Á mynd 6 er sýnt hvar bannað er að veiða með dragnót, allt árið, í Eyrabakkabug (reglugerð nr. 94/2010) og í fjörðum Vestfjarða (reglugerð nr. 843/2011) og hluta úr ári á svæðum út af Ströndum (reglugerð nr. 296/2011) og í Húnaflóa og Skagafirði (reglugerð 678/2010 m.s.b.).

Á mynd 7 sést heildar yfirlit yfir allar svæðalokanir Fiskistofu sem raktar hafa verið hér að framan.




Mynd 6. Yfirlit yfir svæði þar sem bannað er að veiða með dragnót, ýmist allt árið eða hluta úr ári. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).



Mynd 7. Heildaryfirlit yfir svæðalokanir Fiskistofu (sbr. myndir 2 til 5) þar sem bann gildir um veiðar. Ákvæðin eiga við mismunandi veiðarfæri og varir í mismunandi langan tíma (hluta úr ári eða allt árið). Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).

B) Lög nr. 71/2008 um fiskeldi.


Til starfrækslu fiskeldisstöðva í sjó þarf rekstrarleyfi sem Fiskistofa veitir (lög nr. 71/2008 um fiskeldi) og eftirlit með slíkri starfsemi er einnig á hendi Fiskistofu (reglugerð nr. 401/2012 um fiskeldi). Á mynd 8 er yfirlit yfir staðsetningu þeirra leyfa sem Fiskistofa hefur veitt til reksturs eldis í sjókvíum við landið, miðað við apríl 2012. Slík starfsemi (í rekstri eða fyrirhuguð) er eingöngu bundin við two landshluta, Austurland og Vestfirði. Á Austurlandi er um að ræða eftirtalda firði: Berufjörð, Mjóafjörð, Reyðarfjörð og Stöðvarfjörð. Á Vestfirðum er um að ræða eftirtalda firði: Arnarfjörð, Álftafjörð, Dýrafjörð, Ósafjörð, Patreksfjörð, Seyðisfjörð, Skutulsfjörð, Tálknafjörð og Önundarfjörð.



Mynd 8. Yfirlit yfir staðsetningu sjókvíaeldis sem hefur rekstrarleyfi frá Fiskistofu (apríl 2012). Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur).

C) Auglýsing nr. 460/2004 um bann við eldi í sjókvíum.

Árið 2004 birti landbúnaðarráðuneytið auglýsingu þar sem tilgreind eru hafsvæði við strendur landsins þar sem eldi laxfiska af eldisstofni í sjókvíum er óheimilt. Bannið nær til svæða í Faxaflóa, Breiðafirði, Húnaflóa, Skagafirði og við Skjálfanda og Norðausturland (mynd 9).




Mynd 9. Yfirlit yfir svæði þar sem bannað er að ala laxfiska af eldisstofni í sjókvíum. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur).

D) Lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði

Fiskistofa fer með stjórnsýslu og eftirlit með veiði laxfiska og áls bæði í ferskvatni og sjó. Samkvæmt 15. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði má ekki leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns, sem fiskur gengur, en 1500 m, ef meðalvatnsrennslí ár er innan við 25 m^3 á sekúndu, en ekki nær en 2000 m ef meðalvatnsrennslí er meira. Gangi lax í straumvatnið skal friðunarsvæðið vera 2000 m. Á sama hátt er friðunarsvæði fyrir framan hafbeitarstöðvar, sem sleppa laxi 1500 metrar. Helstu árósar við landið eru sýndir á mynd 10. Eins og þar kemur fram er um fjölmörg vatnsföll að ræða, sem virkar takmarkandi á margs konar starfsemi í sjó, einkum í innfjörðum.

Samkvæmt ofan greindum lögum skulu jarðeigendur fyrir framan árosa hafa náið samráð við veiðifélag viðkomandi ár um stangaveiði í netlögum jarða á friðunarsvæðum. Á sama hátt má telja að ekki sé heimilt að vera með fiskeldi eða vinnslu á jarðefnum af sjávarbotni inni á þessum friðunarsvæðum og fordæmi eru fyrir því að friðunarsvæði við árosa hafi verið stækkuð verulega við útgáfu á námuleyfum t.d. í tengslum við leyfisveitingar vegna fiskeldis.



Mynd 10. Yfirlit yfir ósa fiskgengra áa þar sem ekki má veiða eða vera með vinnslu jarðefni af hafsvotni innan friðunarsvæðis (allt að 2000 m frá ósi). Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur).


4.1.2 Hafrannsóknastofnunin

Hlutverk Hafrannsóknastofnunarinnar er m.a. að stunda rannsóknir á lífríki hafsins og veita ráðgjöf til stjórnavalda um sjálfbæra nýtingu á auðlindum hafsins. Vegna greinargerðar um skipulag haf- og strandsvæða lagði stofnunin fram upplýsingar um hrygningarsvæði helstu nytjastofna, viðkvæm búsvæði og veiðisvæði í hafinu við Ísland. Einnig benti stofnunin á að til væri samantekt á svæðum á grunnsævi sem talin eru hafa mikið verndargildi³⁰, en þær upplýsingar eru þó ekki hluti af þessari greinargerð.


A) Hrygningar- og uppeldissvæði nytjastofna

Helstu hrygningarsvæði nytjastofna við Ísland eru á grunnsævi undan suðurströndinni, en summar nytjategundir hrygna þó á öðrum svæðum, eins og t.d. steinbítur og grálúða djúpt vestur af landinu. Eðli málssins samkvæmt er ekki raunhæft að afmarka nákvæmlega hafsvæði þar sem hrygning fer fram, en á kortum Hafrannsóknastofnunarinnar hafa slík svæði þó verið skilgreind á almennan hátt. Til að koma þessum kortum á form sem hæfir landfræðilegu upplýsingakerfi (ArcGIS) voru útlínur hrygningarsvæða teiknaðar handvirkt á sjókort (birt kort Hafrannsóknastofnunarinnar höfð til hliðsjónar), þau skönnuð og lesin inn í ArcGIS og síðan gefin landtilvísun (e. georeferencing). Loks voru útlínur hrygningarsvæða teiknaðar í ArcGIS. Á myndum 11 til 18 eru sýnd hrygningarsvæði helstu nytjastofna við Ísland, sem unnin voru á þennan hátt. Í tilfelli þorsks er dregin upp einfaldari mynd en núverandi þekking segir til um, þar sem þekkt er að þorskur hrygnir víða í fjörðum landsins. Engu að síður sýnir kortið fyrir þorsk megin útbreiðsla hrygningar hans við landið.


Frá hrygningarslóð rekur seiði á uppeldisslóðir, sem eftir aðstæðum geta verið á öllu landgrunninu frá Norðvesturlandi og suður með Austfjörðum. Ef sýna ætti t.d. helstu uppeldisstöðvar þorsks á korti væri það því nánast allt landgrunnið frá Vestfjörðum réttsælis að Stokksnesi. Af þessum sökum er óraunhæft á þessu stigi að afmarka uppeldissvæði nytjastofna við landið af meiri nákvæmni en hér er gert. Við úrvinnslu á hagsmunum lífríkis og notkunar er þó mikilvægt að hafa í huga að hafsvæðin undan Norður- og Austurlandi eru mikilvæg uppeldissvæði í heild sinni.




Mynd 11. Helstu hrygningarsvæði þorsks við Ísland. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsógunnar (200 sjómílur).




Mynd 12. Helstu hrygningarsvæði ýsu við Ísland. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).




Mynd 13. Helstu hrygningarsvæði ufsa við Ísland. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).




Mynd 14. Helstu hrygningarsvæði skarkola við Ísland. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).




Mynd 15. Helstu hrygningarsvæði loðnu við Ísland. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).



Mynd 16. Helstu hrygningarsvæði síldar við Ísland. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).




Mynd 17. Helstu hrygningarsvæði steinbíts við Ísland. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).



Mynd 18. Helstu hrygningarsvæði grálúðu við Ísland. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).

B) Viðkvæm búsvæði

Á djúpslóð eru kóralsvæði oftast nefnd sem dæmi um viðkvæm búsvæði í sjó þar sem kórallar vaxa hægt og geta orðið mjög gamlir. Kórallar mynda einnig margbrotið búsvæði fyrir önnur sjávardýr, sem lifa innan um þá í leit að æti eða skjóli fyrir afræningum og eru þeir því taldir vera mikilvægur þáttur í vistkerfi íslenskra hafsvæða. Fyrir nokkrum árum leitaði Hafrannsóknastofnunin til sjómannna um upplýsingar um þekkt kóralsvæði við Ísland og tók saman þekkta fundarstaði þeirrar tegundar sem myndar breiður á hafsvæði (*Lophelia pertusa*)³¹. Niðurstöður Hafrannsóknastofnunarinnar má sjá á mynd 19. Í þessari greinargerð er einungis fjallað um kóralla sem dæmi um viðkvæm búsvæði en bent skal á að tekin hefur verið saman þekking á öðrum viðkvæmum búsvæðum í hafinu við Ísland, svo sem kalkþörungum³². Gögn um kóralla voru unnin til myndbirtingar á sama hátt og gögn um hrygningarsvæði hér að framan.



Mynd 19. Þekjan afmarkar hafsvæði við Ísland þar sem þekkt er að kórlallar vaxi, eða hafi vaxið. Byggt á upplýsingum frá sjómönnum og upplýsingum um staðfesta fundarstaði tegundarinnar *Lophelia pertusa* (kórrall sem getur þakið stór svæði á hafsbotni, sem annað lífríki nýtir sér sem búsvæði). Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).

C) Veiðisvæði við Ísland


Í þeim tilgangi að greina hvert fiskveiðiskip helst sækja með tiltekin veiðarfæri voru nýtt kort sem birt eru á upplýsingavef stjórnvalda um íslensk fiskveiðimál (<http://www.fisheries.is>), sem sýna sókn með botnvörpu, dragnót og línu (veiðarfæri sem snerta hafsbotn) árið 2008. Þessi kort voru unnin af Hafrannsóknastofnuninni til birtingar á upplýsingavefnum. Til að koma þessum kortum á form sem hæfir landfræðilegu upplýsingakerfi (ArcGIS) voru þau lesin inn í ArcGIS, þeim gefin landtilvísun (e. georeferencing) og síðan voru teiknaðar útlínur svæða þar sem sóknin var þyngst. Áhersla var lögð á það að draga fram hvar við landið sóknin var mest með tiltekið veiðarfæri og því sýna kortin ekki heildarsókn í hverju tilfelli fyrir sig. Dreifing á veiðum miðaðist við eftirfarandi mörk:

Botnvarpa – sókn meiri en 15 klst á fermílu.


Lína – sókn meiri en 100.000 önglar á fermílu.

Dragnót - sókn meiri en 5 köst á fermílu.


Á myndum 20-22 má sjá hvar við landið fiskiskip sóttu helst með þessi veiðarfæri.



Mynd 20. Veiðar með botnvörpu árið 2008 þar sem sóknin var >15 klst á fermílu. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).



Mynd 21. Veiðar með línu á árinu 2008 þar sem sóknin var >100.000 önglar á fermílu. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).



Mynd 22. Veiðar með dragnót á árinu 2008 þar sem sóknin var >5 köst á fermílu. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).

4.1.3 Orkustofnun

Orkustofnun fer með stjórnsýslu í orkumálum og aflar þekkingar á orkulindunum og öðrum jarðrænum auðlindum Íslands. Stofnunin fer með leyfisveitingar vegna rannsókna og nýtingar á auðlindum og orkuvinnslu, m.a. í hafinu við Ísland og fer með stjórnsýslu sem stofnuninni er falin með lögum, svo sem auðlindalögum, vatnalögum, raforkulögum, lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsnsins og lögum um kolvetti.



A) Efnistaka af hafsbotti

Efnistaka af hafsbotti innan netlaga lýtur lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, sem taka til auðlinda í jörðu í landi, í botni vatnfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni. Sækja þarf um leyfi til Orkustofnunar til þess að leita að viðkomandi auðlind á tilteku svæði, rannsaka umfang, magn og afkastagetu hennar (rannsóknaleyfi). Að rannsóknum loknum þarf að leita heimilda stofnunarinnar til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind (nýtingarleyfi). Eftirlit með starfsemi samkvæmt ákvæðum laganna er einnig í höndum Orkustofnunar.

Efnistaka af hafsbotti utan netlaga lýtur lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsnsins, nr. 73/1990. Lögin taka til auðlinda á, í eða undir hafsbottinum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Sækja þarf um leyfi til Orkustofnunar til þess að leita að viðkomandi auðlind á tilteku svæði, rannsaka umfang hennar og magn (rannsóknaleyfi). Að rannsóknum loknum þarf að leita heimilda stofnunarinnar til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind

(nýtingarleyfi). Eftirlit með starfsemi samkvæmt ákvæðum laganna er einnig í höndum Orkustofnunar.


Leyfi til rannsókna á kalkþörungaseti hefur verið veitt í fjörðum á Vestfjörðum og í fjörðum inn af Húnaflóa. Orkustofnun hefur veitt leyfi til nýtingar á kalkþörungaseti í Arnarfirði. Þá hefur stofnunin veitt leyfi til nýtingar á möl og sandi í Faxaflóa, Hvalfirði og Kollafirði. Loks hefur Orkustofnun til meðferðar umsókn um leyfi til rannsókna á magnetíti í sjávarseti við Suðurland og í Héraðsflóa (mynd 23).



Mynd 23. Leyfi sem Orkustofnun hefur veitt til efnistöku af hafsbottni (rannsóknar- og nýtingarleyfi) og leyfi til leitar og rannsókna á magnetiti í basaltsandi á hafsbottni, með frekari vinnslu í huga. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur).

B) Olía á hafsbottni

Lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvætnis, nr. 13/2001 taka til leitar, rannsókna og vinnslu kolvætnis og flutnings þess eftir leiðslukerfi utan netlaga í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands. Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt kolvætnislögum. Leyfisveitingar, samþykki fyrir einstökum framkvæmdum og eftirlit með starfsemi samkvæmt ákvæðum laganna er í höndum Orkustofnunar. Stofnunin hefur veitt leyfi til rannsókna á mögulegum olíulindum á Drekasvæðinu, Norðaustur af Íslandi (mynd 24)



Mynd 24. Drekasvæðið, þar sem leyfi hefur verið veitt til rannsókna á mögulegum olíulindum. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).

C) Rafstengir á hafsvæðum

Raforkulög, nr. 65/2003 taka til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku á íslensku forráðasvæði án tillits til orkugjafa. Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt raforkulögum, en hefur falið Orkustofnun leyfisveitingarvald samkvæmt lögunum og tók það framsal gildi 1. ágúst 2008.


Engin gögn voru tiltæk varðandi hvar rafstengir liggja á hafsvæðum við landið. Í þessari greinargerð er því ekki tekið tillit til hagsmunar er tengjast rafstengjum.

4.1.4 Siglingastofnun Íslands

Siglingastofnun Íslands hefur það hlutverk að skapa hagkvæmar aðstæður til siglinga og fiskveiða og vinnur að öryggi á sjó og strandsvæðum.

A) Reglugerð nr. 524/2008 um afmörkun siglingaleiða, svæði sem ber að forðast


Markmið reglugerðarinnar er að auka öryggi við siglingar og vernda efnahagslega og líffræðilega mikilvægar slóðir, m.a. með því að beina skipaumferð á afmarkaðar siglingaleiðir fyrir Suðvesturlandi. Gilda ákvæði reglugerðarinnar um öll farþega- og flutningaskip í millilandasiglingum sem eru stærri en 500 brúttótonn.



Mynd 25. Kort sem sýnir svæði sem farþega- og flutningaskip stærri en 500 brúttótonn ber að forðast siglingar. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur).

B) Megin siglingaleiðir flutningaskipa við Ísland


Aðalsiglingaleiðir flutningaskipa til og frá landinu og leiðir skipa milli Barentshafs og Vesturheims eru sýndar á mynd 26.



Mynd 26. Megin siglingaleiðir flutningaskipa til og umhverfis Ísland. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).

C) Tillaga starfshóps um neyðarhafnir og skipaafgrep á Íslandi

Starfshópur sem samgönguráðherra skipaði á sínum tíma hefur fjallað um hvernig stuðla megi að því að fyrirbyggja slys og mengun á sjó og draga úr áhrifum þeirra á umhverfi sjávar og stranda, efnahagslífið og heilbrigði íbúa landsins. Hópurinn gerði m.a. tillögu um hvernig veita megi nauðstöddum skipum afdrep í höfnum (neyðarhafnir) eða neyðarafgrep á skýldum hafsvæðum (skipaafgrep)³³. Samkvæmt tillögunni skulu neyðarhafnir og skipaafgrep nýtt þegar það er besti kostur í stöðunni hvað varðar umhverfislegan ávinning og ógnar ekki öryggi íbúa umhverfis eða eigna. Tillagan gerir ráð fyrir að neyðarhafnir verði á Akureyri, Ísafirði og Reyðarfirði og í Helguvík, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum og skipaafgrep verði í Hvalfirði, Ísafjarðardjúpi, Eyjafirði, Reyðarfirði og við Vestmannaeyjar (mynd 27).



Mynd 27. Staðsetning neyðarhafna og skipaafdreps, samkvæmt tillögu starfshóps á vegum samgönguráðherra. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur).

4.1.5 Umhverfisstofnun

Hlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvorum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Stofnunin annast stjórnsýslu á sviði vatnsverndar (lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála), sem meðal annars felur í sér gerð vatnaáætlana og aðgerða- og vöktunaráætlana fyrir landið allt ásamt árósum og strandsjó³⁴. Þetta felur í sér flokkun strandsjáavar í vatnshlot³⁵ eftir eiginleikum hans og ástandi (álagsgreining). Hlutverk Umhverfisstofnunar er einnig m.a. að veita starfsleyfi og eftirlit með leyfisskyldri starfsemi og umsjón og rekstur friðlýstra svæða. Hér á eftir eru taldar upp upplýsingar um svæði sem eru á náttúruminjaskrá og teljast til verndarsvæða í sjó, skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd.


A) Friðlýst svæði í sjó við Ísland

Með friðun er ætlunin að tryggja rétt komandi kynslóða til að njóta ósnortinnar náttúru og vernda búsvæði lífvera og sérstakar jarðmyndanir. Reglur um friðlýst svæði eru mismunandi og fara eftir markmiðum friðlýsingar, eðli svæðisins og samkomulagi við hagsmunaaðila. Eftirfarandi er upptalning á friðlýstum svæðum, sem geta talist til verndarsvæða í sjó og markmið verndar tilgreind, skv. heimsíðu Umhverfisstofnunar (mynd 28):

1. Hleinar í Hafnarfirði. Markmiðið með friðlýsingu er m.a. að vernda fjöru.
2. Hvaleyarlón og Hvaleyrarhöfði í Hafnarfirði. Markmið með friðlýsingu er m.a. að vernda lífríki og leirur svæðisins sem eru m.a. mikilvægt búsvæði fugla.

3. Kasthúsatjörn og umhverfi hennar á Álftanesi. Tjörnin er strandtjörn og er markmið með friðlýsingunni að vernda fjölskrúðugu fuglalífi hennar og lífríki.
4. Hlið á Álftanesi. Markmið friðlýsingarinnar er að tryggja landsvæði til útvistar og almenningsnota.
5. Gálgahraun í Garðabæ. Markmiðið með friðlýsingu er að vernda nyrsta hluta Búrfellshrauns, sem runnið hefur í sjó fram, bæði vegna jarðmyndana og lífríkis.
6. Skerjafjörður innan bæjarmarka Garðabæjar. Markmið með friðlýsingunni er að vernda lífríki á strönd, í fjöru og á grunnsævi Skerjafjarðar. Einnig er markmið með friðlýsingunni að vernda útvistar- og fræðslugildi svæðisins sem felst í auðugu lífríki og möguleikum til útvistar við ströndina.
7. Fossvogsbakkar í Reykjavík. Tilgangur friðlýsingarinnar að vernda setlög, svokölluð Fossvogslög.
8. Háubakkar í Reykjavík. Tilgangur friðlýsingarinnar að vernda setlög.
9. Gróta á Seltjarnarnesi. Tilgangur friðlýsingarinnar að vernda fuglalíf.
10. Blautós og Innstavogsnes í Akraneskaupstað. Tilgangur friðlýsingarinnar að vernda landslag og lífríki svæðisins, m.a. auðugt fuglalíf.
11. Grunnafjörður, Skilmanna-,Leirár- og Melahreppi. Svæðið er friðland og tilgangur friðlýsingarinnar er að vernda landslag og lífríki svæðisins, sér í lagi auðugt fuglalíf. Grunnafjörður er verndaður samkvæmt alþjóðlegri samþykkt um votlendi (Ramsar) og er eina Ramsar svæðið á Íslandi sem liggur að sjó.
12. Andakíl, Hvanneyri. Markmið friðlýsingarinnar er að stuðla að varðveislu og viðhaldi náttúrulegs ástands fjölbreytts votlendis og búsvæða fjölmargra fuglategunda.
13. Ströndin við Stapa og Hellnar, Snæfellsnesi. Markmið friðlýsingarinnar að vernda fagrar og sérkennilegar bergmyndanir við sjó.
14. Melrakkaey við Grundarfjörð. Markmið friðlýsingarinnar að vernda fuglalíf eyjunnar.
15. Breiðafjörður. Markmið með friðlýsingunni er einkum vernd á landsagi, jarðmyndunum, lífríki og menningarminjum. Hún nær til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.
16. Vatnsfjörður. Tilgangur friðlýsingar er að vernda náttúru á þann hátt að fólk gefist kostur á að njóta hennar.
17. Spákonufellshöfði í Höfðahreppi. Fólkvangur sem m.a. nær til skerja úti fyrir höfðanum.
18. Hverastrýtur á botni Eyjafjarðar. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda einstök náttúrufyrirbrigði sem felst í myndun hverastrýtanna, efnasamsetningu, últiti og lögun ásamt örveruvistkerfi sem þar þrífst við óvenjulegar aðstæður.
19. Hverastrýtur norður af Arnarnesnöfum í Eyjafirði. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda sérstæðar jarðmyndanir og lífríki, líffræðilega fjölbreytni og einstök náttúrufyrirbrigði sem felst í myndun hverastrýtanna, efnasamsetningu, últiti og lögun, þ.m.t. örveruvistkerfi sem þar þrífst við óvenjulegar aðstæður.
20. Fólkvangur Neskaupsstaðar. Vinsælt útvistarsvæði í útjaðri bæjarins.
21. Hólmanes við Eskifjörð.
22. Teigarhorn við Djúpavog. Einn þekktasti fundarstaður geislasteina í heimi.
23. Skrúður úti fyrir Fáskrúðsfirði. Tilgangur friðlýsingar er að vernda fuglalífi, m.a. búsvæði stormsvölu.

24. Ósland við Höfn í Hornafirði. Markmiðið með friðlýsingunni er að tryggja svæði til útvistar og útikennslu í náttúrufræðum, tryggja verndun sérstakra jarðmyndana og fjölbreytts fuglalífs.
25. Ingólfshöfði. Mörk friðlandsins ná 100 metra út frá ystu klettasnösum höfðans.
26. Dyrhóley við Vík. Tilgangur friðlýsingar er að vernda landslag og fuglalíf.
27. Surtsey. Tilgangur friðlýsingar er að forðast aðflutning lífvera af mannavöldum, til að vernda viðkvæma náttúru og stuðla að því að eyjan fái að þróast eftir lögmálum náttúrunnar án áhrifa eða afskipta mannsins.
28. Herdísarvík á Reykjanesi. Tilgangur friðlýsingar er að vernda fjölskrúðugt dýralíf í víkinni.
29. Eldey. Tilgangur friðlýsingar er að vernda eina stærstu súlubyggð sem þekkist í heiminum.
30. Skerjafjörður innan marka Kópavogs. Markmið með friðlýsingunni er að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og á grunnsævi, einkum og sér í lagi með tilliti til fugla. Jafnframt er það markmið að vernda útvistar- og fræðslugildi svæðisins sem felst í líffræðilegri fjölbreytni og samrýmist verndun búsvæða fugla. (AUGLÝSING í Stjórnartíðindum nr. 190, 30. janúar 2012).




Mynd 28. Yfirlit yfir friðlýst svæði sem talist geta til verndarsvæða í sjó. Á neðstu mynd til hægri eru sýnd mörk landhelginnar (12 sjómílur).

B) Svæði á náttúruminjaskrá önnur en friðlýst svæði

Náttúruminjaskrá er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Eftirfarandi er upptalning á svæðum á náttúruminjaskrá, önnur en friðlýst svæði hér að framan, sem geta talist til verndarsvæða í sjó og tilgreint verndargildi þeirra, skv. heimsíðu Umhverfisstofnunar (mynd 29):

1. Fjörur frá Bala að Kársnesi, Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Bessastaðahreppi. Fjölbreyttar tjarnir, fjörur og grunnsævi með auðugu lífríki. Gálgahraun er tilkomumikið nútímahraun með lífaudugum sjávarfitjum. Hraunið er nyrsta tunga af rúmlega 10 km löngu hrauni sem komið er úr Búrfelli. Kjörið útvistarsvæði.NB: Hluti þessa svæðis hefur verið friðlýst annars vegar Hlið, Bessastaðahr sem fólkvangur með augl. í Stjórnartíðindum B, 491/2002. og hins vegar Kasthúsatjörn og aðliggjandi fjara, Álfanesi sem fólkvangur augl. í Stjórnartíðindum B, 663/2002. Gálgahraun friðlýst með augl. í Stjórnartíðindum nr. 877/2009. Skerjafjörður, hluti, friðlýst með augl. í Stjórnartíðindum B. nr. 878/2009. (Svæði 4, 5 og 6 í lið A.)
2. Seltjarnarnesfjörur og Suðurnes, Seltjarnarnesi. Fjölbreyttar fjörur og strandgróður ásamt sjávartjörnum, ríkulegt fuglalíf. Hluti þessa svæðis (Bakkatjörn) hefur verið friðlýst sem friðland (sjá augl. B. nr. 889/2000).

3. Hvaleyarlón og fjörur Hvaleyrarhöfða, Hafnarfirði. Lífaðugar leirur og malarfjörur. Mjög þýðingarmikill áningarstaður farfugla, einkum vaðfugla. NB: Friðlýst með auglysingu í Stjórnartíðindum B, nr. 397/2009. (Svæði 2 í lið A)
4. Leiruvogur, Mosfellsbæ. Óshólmars Leirvogsár, ásamt strandlengju, fjörum og grunnsævi út að Blikastaðakró og Gunnunesi. Fjölbreytilegur strandgróður, lífríkar fjörur, mikið fuglalíf.
5. Hjörsey og Straumfjörður, Borgarbyggð, Mýrasýslu. Leirur, mýrlendi og sjávarfitjar með miklum gróðri og dýralífi. Mikilvægt svæði fyrir fuglalíf.
6. Berserkjahraun og Hraunsfjörður, Stykkishólmi. Lífaðugar fjörur.
7. Fjörur í Hofstaðavogi út að Jónsnesi og Kóngsbakka, Stykkishólmi, Skógarstrandarhreppi og Snæfellsnesssýslu. Fjörur, leirur og grunnsævi. Mikil umferð farfugla.
8. Fjörur og grunnsævi í Álfafirði og Vigrafirði innan Helgafellseyja og Galtareyja, Stykkishólmi, Skógarstrandarhreppi, Snæfellsnesssýslu. Miklar og frjósamar leirur og þangfjörur. Mikil umferð farfugla.
9. Elliðaey ásamt Breiðhólma og Dyrhólma, Stykkishólmi. Sérstætt landslag, stuðlabergsmyndanir. Mikið fuglalíf.
10. Höskuldsey, Stykkishólmi. Fjölskrúðugt fuglalíf, söguminjar.
11. Vaðstakksey, Stykkishólmi. Mikið fuglalíf.
12. Þormóðsey ásamt skerjum, Stykkishólmi. Fjölskrúðugt fuglalíf.
13. Lambey og Steindórseyjar á Hvammsfirði, Dalabyggð, Dalasýslu. Fjölbreytt fuglalíf.
14. Hrappsey og Klakkeyjar, Dalabyggð, Dalasýslu. Einstakt landslag í Klakkeyjum og sérstæð berggerð, anortósít, finnst í Hrappsey.
15. Rauðseyjar, Svörtusker, Kjarnaklettur, Selhólmi, Beitey, Bæjarey, Königsey og Ásmundarsker Dalabyggð, Dalasýslu. Fallegur eyjaklasi, landslag dæmigert fyrir Breiðafjarðareyjar.
16. Hergilsey, Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. Fjölbreytt landslag, stuðlabergsmyndanir. Mikið og fjölskrúðugt fuglalíf. Söguminjar.
17. Langey við Flatey, Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. Gróskumikill gróður og fjölbreyttu fuglalífi.
18. Klofningur við Flatey, Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. Sérstætt landslag og mikið fuglalíf.
19. Diskæðarsker, Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. Jarðfræðilega sérstæð eyja.
20. Oddbjarnarsker, Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. Sérstætt landslag, jarðhiti, auðugt lífríki. Söguminjar.
21. Stagley, Reykhólahreppi, A-Barðastrandasýslu. Mikið fuglalíf.
22. Sauðeyjar, Vesturbyggð, V-Barðastrandasýslu. Fagrar og sérstæðar eyjar hvað varðar landslag og lífríki.
23. Norðurströnd Þorskafjarðar og fjörur í Djúpafirði, Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. Fjörur, fitjar og sjávartjarnir frá Teigsskóginum að Grónesi. Víðlendar og lífaðugar fjörur með miklu fuglalífi.
24. Geirþjófsfjörður, Vesturbyggð, V-Barðastrandarsýslu. Fjölbreytt og fagurt landslag, ríkulegur gróður, skoglendi.
25. Skarðsfjörður, Hornafjarðarbæ, A-Skaftafellssýslu. (Lífaðugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi).
26. Dyrhólaós, Loftsalahellir, Reynisdrangar og Reynisfjall, Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu. Fjörur og grunnsævi í Dyrhólaósi þar sem eru sjávarleirur, þær einu á Suðurlandi, með sérstæðum lífsskilyrðum. Mikið fuglalíf.
27. Katlahraun við Selatanga, Grindavík. Stórbrotið landslag, hrauntjarnir og hellar.



Mynd 29. Yfirlit yfir svæði á náttúruminjaskrá (önnur en friðlýst svæði) sem talist geta til verndarsvæða í sjó. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) á myndum í neðri röð.

C) Sæstrengir við Ísland

Frá og með gildistöku laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda þarf leyfi Umhverfisstofnunar fyrir lagningu sæstrengja (9. gr.). Ekki voru tiltækar upplýsingar á stafrænu formi um staðsetningu lagna og sæstrengja í hafinu við Ísland. Þó liggur fyrir að fjórir sæstrengir eru á hafsbotni í efnahagslögsögunni: DANICE, FARICE, CANTAT-3, GREENLAND CONNECT. Þrír þeirra liggja um landgrunnið suður og vestur af Vestmannaeyjum og tengjast landsstöð í Vestmannaeyjum og á Landeyjasandi en FARICE er tekinn í land á Seyðisfirði.


4.2 Yfirlit yfir kortlagningu á lífríki, notkun og vernd íslenskra hafsvæða

Skipulagsstofnun taldi mikilvægt að í greinargerð um skipulag haf- og strandsvæða vegna landsskipulagsstefnu yrði gerð grein fyrir nokkrum mikilvægum þáttum lífríkis, notkunar og verndar íslenskra hafsvæða, sem nýta mætti til þess að gera frumgreiningu á mögulegum árekstrum notkunar og verndar. Gögn sem samstarfsstofnanir veittu Skipulagsstofnun duga til þess að fá grófa yfirsýn yfir málaflokkana, en ætlunin var ekki sú að fara í nákvæma greiningu á þeim. Skipulagsstofnun leggur því mikla áherslu á að framsetning sú sem hér er notuð er mjög einföld og ljóst má vera að alls ekki er um tæmandi lista að ræða varðandi þá þætti sem greinargerðin fjallar um.

4.2.1 Lífríki

Kortlagning á lífríki takmarkaðist eingöngu við umfang hrygningarsvæða helstu nytjastofna við Ísland (grálúða, loðna, síld, skarkoli, steinbítur, ufsi, ýsa og þorskur) og afmörkun þeirra hafsvæða þar sem vitað er að kóralsvæði eru eða hafa verið á hafsvæði³⁶. Um er að ræða viðkvæma kóralla sem geta myndað breiður á hafsvæði, sem annað lífrík notfærir sér sem búsvæði. Á þessu stigi er ekki fjallað um aðrar fisktegundir og t.d. ekki fjallað um hrygningarsvæði tegunda sem ekki eru nýttar en geta verið mikilvægar í vistfræðilegu tilliti, né fjallað um önnur viðkvæm búsvæði³⁷.

Hrygningarsvæði flestra nytjastofnanna eru við strönd Suður- og Vesturlands, um það bil frá Papagrunni í austri til Látragrúnns í vestri (mynd 30). Megin hrygningarsvæði steinbíts og grálúðu eru hins vegar fjær landi og á meira dýpi. Yfirlitið leiðir glögglega í ljós að svæði sem fiskistofnarnir velja til hrygningar eru í aðalatriðum þau sömu. Hrygningaratferli fiskanna eru þó mismunandi, þ.e. sumar tegundir hrygna á hafsvæði (loðna, síld og steinbítur) en aðrar uppi í sjó.



Mynd 30. Yfirlit yfir umfang megin hrygningarsvæða helstu nytjastofna sjávar. Einnig sýnd þekja sem afmarkar hafsvæði við Ísland þar sem þekkt er að kóralar vaxi, eða hafi vaxið. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).

4.2.2 Notkun


Yfirlit yfir veiðar fiskiskipa við Ísland einskorðast við veiðarfæri sem snerta botn: botnvörpu, dragnót og línu (mynd 31). Kortin sýna ekki heildarsókn í hverju tilfelli fyrir sig því áhersla var lögð á það að draga fram hvar við landið sóknin er mest með tiltekið veiðarfæri.

Megin sókn með dragnót er á tiltölulega afmörkuðum svæðum nálægt landi frá svæði vestan við Vestmannaeyjar til Snæfellsness, í tveimur fjörðum á Vestfjörðum og í Eyjafirði og Skjálfsanda. Sókn með línu er heldur dýpra en dragnót og hún mest á fjórum svæðum: Norðan við Reykjanes og Snæfellsnes, utan við Ísafjarðardjúp og norðan Siglufjarðar. Megin sókn með botnvörpu er í aðalatriðum utan við 12 mílna landhelgi Íslands; undan Suðausturlandi, á Reykjaneshrygg, á grunnum utan við Vestfirði og í Grænlandssundi. Einnig er umtalsverð sókn með botnvörpu nálægt landi vestur af Reykjanesi og á svæði í námunda við Dyrhólaey.

Ekki má hefja rekstur fiskeldis fyrr en veitt hefur verið starfs- og rekstrarleyfi fyrir starfseminni. Gildandi rekstrarleyfi fyrir fiskeldi í sjókvíum (miðað við apríl 2012) eru einskorðuð við Austfirði (8 leyfi) og Vestfirði (19 leyfi) (mynd 31).

Frá árinu 2010 hefur Orkustofnun veitt tvö leyfi til leitar og rannsókna á kalkþörungaseti á Vestfjörðum og standa þær rannsóknir enn yfir. Orkustofnun hefur veitt fjögur leyfi til nýtingar á möl og sandi, auk skeljasands, á 15 svæðum í Kollafirði, Hvalfirði og við Syðra-Hraun í Faxaflóa, sem gilda frá 2009 til 2019. Stofnunin hefur einnig veitt leyfi til nýtingar á möl og sandi í Siglufirði frá 2010 til 2012 og í Álfafirði í Ísafjarðardjúpi frá 2011 til 2014. Frá mars 2012 hafa legið fyrir hjá Orkustofnun drög að leyfi til fimm ára til leitar og rannsókna á magnetíti o.fl. á hafsbottini undan suðurströnd Íslands og í Héraðsflóa. Í gildi er einnig leyfi til nýtingar á kalkþörungaseti á þremur svæðum í Arnarfirði, sem iðnaðarráðuneytið veitti árið 2003 og gildir til 2033 (mynd 31). Loks hefur verið veitt leyfi til rannsókna á mögulegum olíulindum á Drekasvæðinu, norðaustur af Íslandi (syðsti hluti svæðisins sést á mynd 31, sjá einnig mynd 24 í kafla 3.1.3).

Aðalsiglingaleiðir flutningaskipa til og frá landinu og leiðir slíkra skipa milli Barentshafs og Vesturheims eru sýndar á mynd 31. Augljóst er að megin umferð flutningaskipa er undan Suðurlandi, grunnt og djúpt, og í sunnanverðum Faxaflóa. Starfshópur, skipaður af samgönguráðherra, gerði árið 2008 tillögu um að tilteknar hafnir á landinu verði flokkaðar sem neyðarhafnir og nokkur skýld hafsvæði flokkuð sem öruggt afdrep fyrir skip í slíkum aðstæðum. Samkvæmt tillögunni verði neyðarhafnir á Akureyri, Ísafirði og Reyðarfirði og í Helguvík, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum og skipaafdrep verði í Hvalfirði, Ísafjarðardjúpi, Eyjafirði, Reyðarfirði og við Vestmannaeyjar (mynd 31).



Mynd 31. Yfirlit yfir nokkra þætti notkunar íslenskra hafsvæða. Sýnt er hvar megin siglingaleiðir flutningaskipa liggja til og frá Ísland og framhjá landinu, tillaga að staðsetningum neyðarhafna og skipaafdreps, staðsetning fiskeldis í sjókvíum með rekstrarleyfi, hvar leyfilegt er að leita að og rannsaka eða vinna jarðefni af hafsvæði (Leyfi – efnistaka: leit og rannsóknir á kalkþörungaset og nýting á möl og sandi, Leyfi – leit og rannsóknir á magnetíti: drög að leyfi til leitar og rannsókna á magnetíti) og olíu (syðsti hluti Drekasvæðisins er sýndur) og einnig er sýnt hvar helst er sótt með botnlæg veiðarfæri við landið (botnvarpa, dragnót og lína). Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).

4.2.3 Vernd

Alþjóðanáttúruverndarsamtókin (IUCN) hafa gefið út viðmið fyrir flokkun náttúruverndarsvæða sem víða eru notuð við setningu reglna um vernd og friðlysingu svæða. Verndarflokkarnir ná því yfir margs konar svæði, allt frá svæðum þar sem aðgangur fólks er mjög takmarkaður eða jafnvel bannaður, til svæða þar sem náttúruvernd og hefðbundnir lífshættir með sjálfbærri nýtingu náttúrunnar eru samþættir³⁸. Verndarsvæðum IUCN er skipt upp í sex flokka, eftir markmiðum³⁹:

Ia Svæði undir strangri vernd. Svæði sem sett eru undir stranga vernd í þeim tilgangi að varðveita líffræðilega fjölbreytni og mögulega einnig jarðminjar/jarðmyndanir. Umferð manna, nýting og inngríp sem áhrif geta haft á svæðin eru háð ströngum skilyrðum og takmörkunum í því skyni að varðveita verndargildi svæðisins. Þessi svæði geta haft ómetanlegt gildi sem viðmiðunarsvæði fyrir vísindarannsóknir og vöktun.

Ib Óbyggðir. Svæði sem eru venjulega stór land- eða hafsvæði sem eru lítt eða ekki mótuð af manninum og haldið hafa sínum náttúrulegu eiginleikum og áhrifum. Þar er ekki varanleg eða umtalsverð búseta. Verndun og stjórnun svæðanna miðar að því að varðveita náttúrulegt ástand þeirra.

II Þjóðgarðar. Verndarsvæði sem eru stór náttúruleg eða lítt snortin svæði sem afmörkuð eru til verndar heildstæðum vistfræðilegum ferlum og þeim tegundum og vistkerfum sem einkenna svæðið. Jafnframt skapa svæðin margvíslega möguleika til andlegrar upplifunar, vísendaiðkunar, fræðslu, útivistar og afþreyingar fyrir ferðamenn af því tagi sem samrýmist menningu og umhverfissjónarmiðum.

III Náttúruvætti. Svæði sem eru afmörkuð til að vernda sérstakar náttúrumínjar sem geta verið landslagsfyrrbæri, neðansjávarfjöll, neðansjávarhellisskútar, jarðminjar, svo sem hellar, eða jafnvel lifandi fyrrbæri eins og gamall skógarlundur. Þetta eru jafnan einkar lítil verndarsvæði og hafa oft mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

IV Vistgerðir og búsvæði. Markmiðið með vernd slíkra svæða er að vernda tilteknar tegundir eða búsvæði og stjórnun svæðanna endurspeglar þá forgangsröðun. Mörg svæði í þessum flokki þarfnað reglubundinnar íhlutunar til að mæta þörfum tiltekinnar tegundar eða til að viðhalda búsvæðum en þetta er þó ekki skilyrði verndarfloksins.

V Verndað landslag. Verndarsvæði þar sem samspil manns og náttúru í gegnum tíðina hefur skapað svæðinu sérstöðu sem byggir á vistfræðilegu, líffræðilegu, menningarlegu og sjónrænu gildi þess. Jafnframt er varðveisla þessa samspils nauðsynleg til verndunar og viðhalds svæðisins og þeirra náttúrufarslegu gilda og annarra gilda sem svæðið hefur.


VI Verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Svæði til verndunar vistkerfum og búsvæðum ásamt þeim menningarlegu gildum sem tengast þeim og hefðbundnum nytjum náttúruauðlinda. Þau eru yfirleitt stór og að mestu leyti náttúruleg en hluti þeirra nýttur á sjálfbæran hátt. Jafnframt er litið svo á að hófsöm nýting náttúruauðlinda, sem ekki er iðnvædd og samrýmist náttúruvernd, sé eitt aðalmarkmiðið með vernd svæðisins.

Hér á eftir verður verndun íslenskra haf- og strandsvæða lýst. Friðlýst svæði og svæði á náttúrumínjakrá, sem byggja á lögum um náttúruvernd (nr. 44/1999), er hægt að finna stað í þeim flokkum verndarsvæða sem IUCN hefur skilgreint. Öðru máli gegnir hvar í flokkunarkerfinu eigi að staðsetja svæði sem lokað eru fyrir fiskveiðum, samkvæmt lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands (nr. 79/1977). Mögulega má færa rök fyrir því að svæðalokanir falli undir flokk VI, verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Einnig er erfitt að staðsetja í kerfi IUCN svæði sem njóta að einhverju leyti verndar, t.d. afmörkun siglingaleiða (reglugerð nr. 524/2008), bann við eldi laxfiska í sjókvíum (auglýsingur nr. 460/2004) og bann við hvalveiðum á tilteknum svæðum við Ísland (reglugerð nr. 414/2009). Í þessu yfirliti er vernd hins vegar skilgreind vitt þannig að hún nái yfir stjórnvaldsáðgerðir sem takmarka á einhvern hátt athafnir manna en ekki gerð tilraun til að flokka hana með tilliti til viðurkenndrar verndarflokkunar.

E) Friðlýst svæði og önnur svæði á náttúrumínjaskrá.

Reglur um friðlýst svæði eru mismunandi og fara eftir markmiðum friðlýsingar, eðli svæðisins og samkomulagi við hagsmunaaðila. Friðlýst svæði og önnur svæði á náttúrumínjaskrá er varða haf- og strandsvæði eru einkum á svæði milli Reykjanes og fjarða í norðanverðum Breiðafirði (mynd 32). Umfangsmesta friðaða svæðið er í Breiðafirði en friðlýsingin nær til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins (sbr. lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar). Önnur verndarsvæði (byggð á lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd) eru minni eða varða einstök náttúrufyrbrigði á litlu svæði (t.d. hverastrýtur í Eyjafirði). Í flestum tilfellum nær

vernd ekki lengra til sjávar en í fjöru en þó í einstaka tilfellum dýpra eins og t.d. Surtsey og hverastrýtur í Eyjafirði. Nánari skýringar á hvaða friðlýstu svæði er um að ræða er að finna í umfjöllun um gögn Umhverfisstofnunar í kafla 3.1.5.



Mynd 32. Yfirlit yfir friðlýst svæði og önnur svæði á náttúrumuinjaskrá samkvæmt lögum um náttúruvernd og tengjast sjó. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur).

F) Hafsvæði þar sem veiði er takmörkuð eða bönnuð.

Kortlagning á svæðalokunum miðast við lokanir, sem í gildi voru í apríl 2012 og takmarka veiðar með togveiðarfærum, línu og dragnót, fleiri en einu veiðarfæri eða banna allar veiðar. Markmið svæðalokana er fyrst og fremst að vernda smáfisk til að stuðla að viðgangi og hagkvæmri nýtingu nytjastofna innan íslenska hafsvæðisins. Í umfjöllun hér á eftir verður ekki gerður greinarmunur á því hvort takmarkanir á veiðunum eru varanlegar eða tímabundnar, slíkar upplýsingar er hægt að nálgast í kafla 3.1.1 um gögn Fiskistofu. Megin tilgangur kortagerðarinnar er að draga fram umfang veiðitakmarkana.


Dragnót. Á Vestfjörðum eru veiðar með dragnót bannaðar innan fjarða frá Patreksfirði að Súgandafirði, í innsta hluta Ísafjarðardjúps og innfjörðum Jökulfjarða. Einnig á svæðum út af Ströndum, í Húnaflóa og Skagafirði. Á Austurlandi er bann við dragnótaveiðum í gildi í Loðmundar- og Seyðisfirði. Loks er umtalsvert svæði lokað fyrir dragnót í Eyrabakkabug. Dragnótaveiðar eru þannig óheimilar í fjörðum víða um land og í aðalatriðum í öllum fjörðum frá Patreksfirði til og með Skagafirði.

Togveiðarfæri og lína. Veiðar með botnvörpu og línu eru almennt á mun meira dýpi og fjær landi en veiðar með dragnót. Segja má að bannað sé að nota þessi veiðarfæri djúpt úti fyrir öllu Vesturlandi, frá Reykjaneshrygg og norður fyrir Vestfirði (mynd 33). Einnig eru víðáttumikil svæði

djúpt út af Norður- og Austurlandi þar sem ekki má nota slík veiðarfæri, en á þessum hafsvæðum eru uppeldisslóðir margra fisktegunda. Loks eru minni svæði fyrir Suðurlandi lokað fyrir slíkum veiðum: Við Hrollaugseyjar, þrjú svæði í námunda við Vestmannaeyjar og eitt djúpt út af Reykjanestá.

Allar veiðar. Hrygningarsvæði þorsks og skarkola eru lokað fyrir öllum veiðum á svæði sem nær u.þ.b frá Dyrhólaey, út á Reykjaneshrygg og norður undir Látrabjarg og einnig á þremur svæðum við Suðausturland; við Hrollaugseyjar, Ingólfshöfða og Meðallandsbug (mynd 33). Á hrygningartíma eru auk þess allar veiðar bannaðar með allri strandlengju Íslands - með strönd Suður- og Vesturlands má ekki veiða nær landi en 4 sjómílur og 3 sjómílur með strönd Norður- og Austurlands. Þessar svæðalokanir eru ekki sýndar á mynd 33. Þannig má segja að meðan á hrygningu þorsks og skarkola stendur eru allar veiðar bannaðar með strönd Íslands og einnig dýpra á víðáttumiklum svæðum Suðvestur og Vestur af landinu.

Allmörg svæði fyrir Suðurlandi eru lokað fyrir öllum veiðum og eitt á hrygningarsvæði steinbíts á Látragrunni, vestur af Látrabjargi (mynd 33). Grynna bannsvæðið er milli lands og Vestmannaeyja, þar sem liggur vatnsleiðsla og rafstrekur. Önnur við landgrunnsbrún undan Suðurlandi, frá Vestmannaeyjum og austur með landinu, eitt staðsett á hrygningarsvæði blálöngu en önnur þar sem eru viðkvæm búsvæði (kórall).




Mynd 33. Yfirlit yfir hafsvæði þar sem veiðar eru takmarkaðar eða bannaðar samkvæmt lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Takmarkanirnar geta varðað einstök veiðarfæri eða bannað allar veiðar og ýmist gilda þær allt árið eða hluta úr ári. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).

G) Hafsvæði sem lúta öðrum takmörkunum á notkun.

Undan Suðvesturströnd landsins er umferð farþega- og flutningaskipa (stærri en 500 brúttótonn) takmörkuð og henni veitt eftir ákveðnum farvegi sunnan Vestmannaeyja, fyrir Reykjanes og um sunnanverðan Faxaflóa (mynd 34). Með þessari ráðstöfun er verið að takmarka umferð skipa af þessari gerð um efnahagslega og líffræðilega mikilvægar slóðir (m.a. mikilvæg hrygningarsvæði) og beina þeim á öruggar siglingaleiðir, m.a. skipum sem flytja hættulegan og mengandi farm.


Um allangt skeið hefur eldislax af norskum uppruna verið notaður til seiðaeldis og notaður í sjókvíaeldi. Vegna þess hve fjarskyldur laxinn er náttúrulegum íslenskum laxastofnum hefur verið varað við því að hann verði notaður til undaneldis, vegna hættu á að erfðaefni þeirra íslensku blandist norskum erfðum⁴⁰. Árið 2001 var sett bann við eldi á frjóum norskættuðum laxi á þeim svæðum þar sem mestu laxveiðiár landsins eru staðsettar: Faxaflóa, Breiðafirði, Norðurlandi vestra og Norðausturlandi. Heimilt er að ala slíkan lax á Vestfjörðum, Eyjafirði, Öxarfirði og frá Austfjörðum að Reykjanesi (mynd 34).

Árið 2009 var sett bann við hvalveiðum á sunnanverðum Faxaflóa, Eyjafirði og Skjálfandaflóa (mynd 34). Þá banna lög um lax- og silungsveiði veiði nær ósi straumvatns en 1,500 m, ef meðalvatnsrennslí ár er innan við 25 m³ á sekúndu, eða 2,000 m, ef rennslí er meira en það (mynd 34). Auk þess hefur bannsvæðið áhrif á aðrar starfsemi í sjó, t.d. fiskeldi og vinnslu jarðefna af hafsbotni.



Mynd 34. Yfirlit yfir hafsvæði þar sem notkun er takmörkuð með lögum, reglugerðum eða auglýsingu í Stjórnartíðindum. Sýnd eru svæði þar sem ber að forðast að sigla farþega- og flutningaskipum í millilandasiglingum (stærri en 500 brúttótonn), bannað er að starfrækja eldi laxfiska í sjó, bannað er að stunda hvalveiðar. Einnig eru auðkenndir ósar fallvatna sem njóta verndar. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur).

Eins og áður segir er hugtakið vernd notað í víðum skilningi við gerð þessa yfirlits. Ljóst er að í heild eru víðáttumikil hafsvæði innan lögsögu Íslands þar sem athöfnum manna eru á einhvern hátt sett takmörk (mynd 35).



Mynd 35. Heildaryfirlit yfir hafsvæði sem eru vernduð eða notkun þeirra takmörkuð að einhverju leyti. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).

5 Frumgreining á hagsmunaárekstrum

Meginmarkmið stefnu Íslands í málefnum hafsins, sem ríkisstjórn samþykkti árið 2004, eru að viðhalda heilbrigði, líffræðilegum fjölbreytileika og framleiðslugetu hafsins svo nýta megi lifandi auðlindir þess um alla framtíð⁴¹. Stefnan byggir á þremur stoðum: Hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna, meginreglum um sjálfbæra þróun (taka þarf tillit til umhverfis-, efnahags- og félagslegra markmiða) og að ábyrgð á vernd og nýtingu vistkerfa hafsins sé best komin í höndum Íslendinga. Stjórnvöld telja sjálfbæra nýtingu auðlinda lykilinn að skynsamlegri og ábyrgri vernd og stjórnun á nýtingu auðlinda hafsins. Hún eigi að byggjast á þekkingu þar sem höfð er í fyrirrúmi virðing fyrir vistkerfi hafsins í heild sinni og er m.a. lögð áhersla á að sampætta þurfi auðlindanýtingu og umhverfisvernd með aukna áherslu á vistkerfisnálgun⁴², en hún grundvallast á vísindalegri þekkingu á hinum ólíku vistkerfum og starfsemi þeirra. Tryggja þurfi að nýting auðlinda og annað álag á vistkerfi hafsins sé ekki umfram það sem vistkerfið þolir. Leggja eigi m.a. áherslu á að við framkvæmdir sem raska eða breyta lifandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun⁴³. Besta leiðin að því marki sé að vinna að útfærslu vistkerfisnálgunar á hagnýtan hátt og beita henni síðan við stjórnun á vernd og nýtingu lifandi auðlinda hafsins.

Í *Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands*, sem lögð var fram árið 2011 og er til grundvallar breytingum á lögum um náttúruvernd, er kallað eftir aukinni áherslu á jafnvægi verndar og nýtingar náttúruauðlinda og að tryggt verði að nýting lands, lífríkis og annarra auðlinda sé sjálfbær⁴⁴. Hnignun búsvæða er talin ein mesta ógnin sem steðji að fjölbreytni lífríkis hafsins við Ísland, sem geti komið til vegna veiða og efnistöku af hafsbotni⁴⁵. Loks kemur fram að í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í umhverfismálum 2009–2012 sé m.a. lögð áhersla á að verðmæti og auðlindir hafs og strandsvæða verði tryggð með stjórnun sem byggi á heildarsýn⁴⁶.


Ferli við vinnslu skipulagsáætlana, þar með skipulag haf- og strandsvæða, felur í sér að hagsmunaaðilar með ólík sjónarmið hafa móttandi áhrif á niðurstöðu hennar. Skipulag haf- og strandsvæða er tæki til þess að marka stefnu um notkun, nýtingu og vernd hafsvæða, sem grundvallist á stefnu stjórnvalda um málefni hafsins og nota má síðan til að útfæra áætlun um stjórnun strand- og hafsvæða. Við vinnu þessarar greinargerðar um skipulag haf- og strandsvæða, í tengslum við landsskipulagsstefnu 2013-2024, lögðu stofnanir til upplýsingar um lífríki, notkun og vernd, sem Skipulagsstofnun hefur sett fram á samræmuðu formi til þess að gefa yfirsýn yfir stöðu þessara málaflokka í grófum dráttum. Þessar upplýsingar hefur Skipulagsstofnun notað til þess að gera frumgreiningu á samspili lífríkis, notkun og vernd og benda á hugsanlega árekstra milli þessara þáttta sem mögulegt er að leysa með skipulagi. Hér á eftir verður gerð tilraun til þess að nota heildarmynd um lífríki, notkun og vernd til að greina hvar við landið er helst að vænta að árekstrar skapist. Síðan verða rakin tvö tilvik þar sem mögulegt er að ekki fari saman notkun og nýting og megin markmið Íslands um varðveislu lífríkis og að beita eigi varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun við framkvæmdir sem raska eða breyta lifandi náttúru. Um er að ræða hugsanlega málmvinnslu af hafsbotni fyrir Suðurlandi og efnistaka í Faxaflóa, Hvalfirði og Kollafirði.

5.1 Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar

Eftirfarandi umfjöllun byggir á greinargerð með tillögu að nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar⁴⁷. Þar kemur fram að nýting strandsvæða við Ísland hafi breyst og þróast síðustu ár, m.a. í kræklingarækt, þararækt, fiskeldi og vinnslu jarðefna. Núverandi notkun strandsvæða á Vestfjörðum séu (mynd 36):

- Veiðar: Veiðar á fiski, botndýrum, krabbadýrum og spendýrum
- Fiskeldi og ræktun: Þorskeldi, laxeldi, kræklingarækt og ræktun þara
- Hafnarsvæði
- Verndarsvæði
- Landfyllingar og vegagerð
- Hlunnindanýting: T.d. æðrarvarp, reki og tínsla á skeljum, sölum og fleiru.
- Efnistökusvæði: T.d. möl og sandur, kalkþörungaset og magnetít
- Veitur: Fráveita, fjarskipti og rafmagn
- Samgöngur: Ferjur, flutningar og aðrar siglingar
- Rannsóknir
- Menningarminjar
- Ferðaþjónusta: Sjóstangveiði og útsýnissiglingar
- Útivist: T.d. skemmtisiglingar, kajaksiglingar, gönguleiðir, útivistarfjörur, útsýnisstaðir og sjósund
- Nýting á lífrænu hráefni í iðnaðarframleiðslu

Útlit sé fyrir að umtalsverð aukning verði á næstu árum í fiskeldi, vinnslu jarðefna og komum ferðamanna til Vestfjarða. Aukin og fjölbreytt nýting strandsvæða muni auka líkur á hagsmunárekstrum og á lagi á umhverfið.



Mynd 36. Núverandi notkun Arnarfjarðar, samkvæmt drögum að nýtingaráætlun fyrir strandsvæði fjarðarins (mynd: Teknistofan Eik ehf.).


Samkvæmt greinargerð með tillögu að nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar er reynsla sveitarfélaga á Vestfjörðum sú að löggjöf, stefnumörkun og áætlanir ríkisins hafi ekki náð að leiða til sjálfbærrar nýtingar strandsvæða. Ástæðan sé sú að áætlanir og stefnumarkanir hafi ekki verið útfærðar svæðisbundið, líkt og skipulagsáætlanir gera, en einnig vegna þess að áætlunum sé ekki framfylgt. Flókin stjórnsýsla, skortur á heildaryfirsýn yfir núvarandi nýtingu, alger skortur á skipulagsáætlunum fyrir strandsvæði og takmörkuð aðkoma sveitarstjórn að ákvörðun um nýtingu þeirra, leiði óhjákvæmilega til hagsmunárekstra. Nýtingaráætluninni sé ætlað að samræma stjórnum og nýtingu strandsvæðis Arnarfjarðar, en strandsvæðið er í áætluninni skilgreint sem hafsvæði utan marka netlaga (115 m frá stórstrauðsfjöruborði) og landmegin við mörk sem eru eina sjómílu frá grunnlínupunktum landhelginnar. Nýtingaráætlunin inniheldur:

- Yfirlit yfir núverandi nýtingu í Arnarfirði.
- Lýsingu á staðháttum og öðrum forsendum í Arnarfirði.
- Framtíðarsýn og áætlun um nýtingu í Arnarfirði.
- Þróun á aðferðafræði og framsetningu áætlunarinnar.
- Greiningu á stjórnsýslu strandsvæða og tillögum til úrbóta.

Talið er að bætt yfirsýn yfir nýtingu og samantekt á ýmsum grunnforsendum muni stuðla að faglegri ákvörðunum um nýtingu strandsvæðisins en nú sé. Einnig eru gerðar eftirfarandi tillögur er varða stjórnsýslu haf- og strandsvæða:

- Endurskoða þurfi löggjöf um nýtingu strandsvæða og meta hvort setja eigi sérstök lög um skipulag strandsvæða.
- Skrá þurfi núverandi nýtingu og gera upplýsingarnar aðgengilegar. Mikilvægt sé að skrásetning hefjist sem fyrst og upplýsingar verði færðar í miðlægan gagnagrunn hjá opinberum aðilum, sem sýni notkun á hverjum tíma og verði aðgengilegur öllum.
- Auka þurfi skilvirkni í stjórnsýslu varðandi leyfisveitingar og aðrar ákvarðanir um nýtingu strandsvæða og bæta aðkomu sveitarfélaga í því sambandi. Ríkið marki skýra stefnu um strandsvæði sem taki tillit til þeirrar notkunar og nýtingar sem fyrir er, svo sem fiskeldi og ferðapjónustu.
- Stuðla þurfi að rannsóknum sem veiti grunnupplýsingar um náttúrufar og samfélag sem styrki ákvarðanir um hvaða auðlindir eigi að nýta, hvar og í hve miklum mæli og einnig til að meta hvaða áhrif ein nýting hafi á aðra.

Lögð er áhersla á að unnin verði nýtingaráætlun fyrir önnur strandsvæði á Vestfjörðum en sí vinna muni einnig nýtast við frekari stefnumörkun og mótn regluverks fyrir strandsvæðin. Í töflu 3 og á mynd 37 eru sýnd dæmi um hagsmunárekstra sem greindir voru vegna vinnu við nýtingaráætlunina.



Mynd 37. A) Skástrikuð svæðin sýna hvar hagsmunaárekstrar eru í Arnarfirði, samkvæmt drögum að nýtingaráætlun fyrir strandsvæði fjarðarins (sbr. töflu 3). B) Nærmynd af suðurfjörðum Arnarfjarðar (nýtingaráætlun Arnarfjarðar), sem sýnir að á hlutfallslega litlu hafsvæði er notkunin margvísleg (skýringar á táknum, sjá mynd 36) (myndir: Teiknistofan Eik ehf.).


Tafla 3. Núverandi nýting Arnarfjarðar skv. nýtingaráætlun fyrir strandsvæði fjarðarins -hagsmunaárekstrar og skörun nýtingarflokka. Það sem er innan sviga á við svæði með mögulegri nýtingu – annað sýnir núverandi nýtingu og mögulega nýtingu.

	Kalkþörunga-nám	Kræklinga-rækt	Fiskeldi	Útvist og ferðapjónusta	Sjóstangveiði	Ferðapjón.- og frístunda-siglingar	Almennar siglingaleið	Línuveiðar	Dragnóta-veiðar	Rækju-veiðar	Grásleppu-veiðar	Beltisþari
Kalkþörunga-nám												
Kræklinga-rækt	-Árekstrar -Skörun											
Fiskeldi	-Árekstrar -Skörun	-Árekstrar -Skörun										
Útvist og ferðapjónusta	-í lagi	-í lagi	-Takmarkaðir árekstrar -Skörun									
Sjóstangveiði	-í lagi	-Takmarkaðir árekstrar -Skörun	-Takmarkaðir árekstrar	-í lagi								
Ferðapj.- og frístunda-siglingar	-í lagi -Takmörkuð skörun	-Takmarkaðir árekstrar -Takmörkuð skörun	-Takmarkaðir árekstrar -Takmörkuð skörun	-í lagi	-í lagi							
Almenn siglingaleið	-í lagi	-Takmarkaðir árekstrar -Takmörkuð skörun (-Skörun)	-Takmarkaðir árekstrar	-Takmarkaðir árekstrar	-Takmarkaðir árekstrar	-Takmarkaðir árekstrar -Takmörkuð skörun						
Línuveiðar	-Takmarkaðir árekstrar	-Takmarkaðir árekstrar -Takmörkuð skörun (-Skörun)	-Takmarkaðir árekstrar	-í lagi	-Takmarkaðir árekstrar -Skörun	-í lagi	-Takmarkaðir árekstrar					
Dragnóta-veiðar	-Árekstrar (-Takmörkuð skörun)	-Árekstrar -Takmörkuð skörun (-Skörun)	-Árekstrar -Takmörkuð skörun	-Takmarkaðir árekstrar	-Árekstrar -Skörun	-í lagi	-Takmarkaðir árekstrar -Skörun	-Árekstrar -Skörun				
Rækjuveiðar	-Árekstrar -Skörun	-Árekstrar -Skörun	-Árekstrar -Skörun	-Takmarkaðir árekstrar -Takmörkuð skörun (-Skörun)	-Takmarkaðir árekstrar	-í lagi	-Takmarkaðir árekstrar -Skörun	-Takmarkaðir árekstrar -Takmörkuð skörun	-Árekstrar -Takmörkuð skörun			
Grásleppu-veiðar	-Takmarkaðir árekstrar	-Takmarkaðir árekstrar -Takmörkuð skörun (-Skörun)	-Árekstrar	-í lagi	-Takmarkaðir árekstrar -Skörun	-í lagi	-Takmarkaðir árekstrar	-Takmarkaðir árekstrar -Skörun	-Árekstrar -Takmörkuð skörun	-Takmarkaðir árekstrar		
Beltisþari	-Árekstrar -Takmörkuð skörun	-Takmarkaðir árekstrar -Skörun	-Árekstrar -Skörun	-í lagi	-Takmarkaðir árekstrar	-Takmarkaðir árekstrar -Skörun	-Takmarkaðir árekstrar	-Takmarkaðir árekstrar -Skörun	-Árekstrar -Takmörkuð skörun	-Árekstrar -Takmörkuð skörun	-Takmarkaðir árekstrar	

5.2 Heildarmynd - hagsmunaárekstrar


Hér verður dregið saman yfirlit yfir lífríki, notkun og vernd hafsvæða við Ísland með hliðsjón af þeim takmörkunum sem fyrilliggjandi greining setur. Gögnin leyfa t.d. ekki að fjallað sé um strandsvæði í þessu tilliti, en ágætt dæmi um hvernig nálgast má skipulag strandsvæða er að finna í niðurstöðum samstarfsverkefnisins um nýtingaráætlun fyrir Arnarfjörð (sjá kafla 2.1 og 4.1). Fjallað verður hins vegar um heildarmynd lífríkis, notkunar og verndar fyrir hafsvæði umhverfis Ísland og augljósa árekstra milli notkunar og verndar á hafinu. Áréttar er að upplýsingar á stafrænu formi um leiðslur á sjávarbotni (vatns- og raflagnir, ljósleiðrar) lágu ekki fyrir og verður því ekki tekið tillit til slíkra hagsmuna í eftirfarandi umfjöllun. Einnig að vernd er hér skilgreind þannig að hún nái yfir stjórnvaldsáðgerðir sem takmarka á einhvern hátt athafnir manna.

Heildar yfirlit um lífríki, notkun og vernd hafsvæða við Ísland má sjá á mynd 38. Ljóst er að stórum hluta efnahagslögsögunnar hefur verði ráðstafað á einn eða annan hátt til margvíslegra nota og verndar (einkum til takmörkunar á fiskveiðum) og mikilvægir fiskistofnar þurfa umfangsmikil svæði til hrygningar. Megin siglingaleiðir flutningaskipa til og frá Íslandi og framhjá landinu liggja fyrst og fremst um suðurhluta lögsögunnar, en norðan og norðaustan landsins eru umtalsverð svæði afmörkuð til verndar á smáfiski á uppeldisslóð og einnig víðáttumikið leitar- og rannsóknasvæði á hafsbotni á Drekkasvæðinu (olía og gas). Þá er stórt verndarsvæði djúpt vestur af landinu, meðfram landgrunnsbrún frá Reykjanesrygg og til norðurs á móts við Ísafjarðardjúp. Þar djúpt norðurfrá eru einnig mikilvægar veiðislóðir fiskiskipa með botnvörpu. Veiðar í heild sinni (samanlögð veiði með botnvörpu, dragnót og línu) eru þó almennt nær landi, ýmist innan landhelginnar (12 mílur) eða rétt utan hennar, einkum fyrir Vesturlandi en einnig Suðurlandi. Næst landi og inni á flóum og fjörðum eru margvíslegar verndaraðgerðir í gildi (leiðbeining á umferð stórra farþega- og flutningaskipa, bann við hvalveiðum og eldi laxfiska í sjókvíum, friðlýst svæði og svæði á náttúrminjaskrá, verndarsvæði við árósa). Einnig er í fjörðum og flóum starfrækt efnistaka af hafsbotni (Faxaflói og innfirðir, Arnarfjörður, Álfatrafjörður í Ísafjarðardjúpi og Siglufjörður) og sjókvíaeldi (Austfirðir og Vestfirðir). Loks hafa frá mars 2012 legið fyrir drög að leyfi til fimm ára til leitar og rannsókna á magnetíti o.fl. á hafsbotni, nálægt landi, fyrir öllu Suðurlandi og í Héraðsflóa.



Mynd 38. Heildaryfirlit yfir lífríki, notkun og vernd haf- og strandsvæða við Ísland. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur) og efnahagslögsögunnar (200 sjómílur).

Hrygningarsvæði helstu stofna nytjafiska eru fyrir öllu Suðurlandi og norður með Vesturlandi. Umfang veiðibanns á hrygningartíma endurspeglar þessa staðreynd (mynd 39). Með tilliti til viðgangs fiskistofnanna eru þessi hafsvæði því afar mikilvæg og hefur verið tekið tillit til þess við stjórn fiskveiða. Að sama skapi voru hrygningarsvæðin höfð til hliðsjónar við afmörkun þeirra svæða sem stór farþega- og flutningaskip (stærri en 500 brúttótonn) eiga alla jafna ekki að sigla um. Þá eru viðkvæm búsvæði (kórrall) við landgrunnsbrún og í hlíðum landgrunnsins fyrir Suðurlandi, en á undanförnum árum hefur tíu slíkum svæðum austan Vestmannaeyja verið lokað fyrir veiðum⁴⁸. Út frá lífríki er hafsvæðið því verðmætt en jafnframt er það mikilvægt fyrir fiskveiðar og líka siglingar, þar sem um hafsvæðið liggja megin siglingaleiðir til og frá landinu, og jafnframt kemur til álita að á þessum slóðum verði sandur af sjávarbotni nýttur til málvinnslu. Loks ber að hafa í huga að fjórir sæstengir liggja á hafsbottini suður og vestur af Vestmannaeyjum og að Landeyjasandi (ekki sýndir á mynd 39). Hafsvæði undan suður- og suðvesturströnd Íslands eru því líklega þau svæði við landið þar sem hagsmunir náttúru og notkunar rekast helst á og hagsmunir verndar eru einna sterkestir. Til að tryggja enn frekar að nýting auðlinda og annað álag á vistkerfi hafsvæðisins verði innan þeirra marka sem það þolir er hugsanlegt að gera þurfi enn frekari ráðstafanir til að samrýma notkun og vernd hafsvæðisins.



Mynd 39. Yfirlit yfir lífríki, notkun og vernd haf- og strandsvæða við suður- og vesturströnd Íslands. Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur).

5.3 Leit og rannsóknir á magnetíti og hugsanleg vinnsla þess við suðurströnd Íslands


Frá mars 2012 hafa legið fyrir hjá Orkustofnun drög að leyfi til fimm ár til leitar og rannsókna á málnum (magnetít, ilmenít o.fl.) í basaltsandi á hafsbottini undan suðurströnd Íslands og í Héraðsflóa. Við undirbúning leyfisins hafði Orkustofnun samráð við rannsókna- og

stjórnsýslustofnanir sem hafa með málefni hafssins að gera. Á þeim samráðsvettvangi bentí Hafrannsóknastofnunin á að á fyrirhuguðum leitarsvæðum við Suðurland væru mikilvæg hrygningar- og uppeldissvæði flestra nytjastofna. Auk þess væru þar mikilvæg hrygningarsvæði sandsílis, sem er einn af lykilþáttum í vistkerfi íslenskra hafsvæða enda étin af mörgum tegundum sjávardýra og sjófugla. Þá bentu Veiðimálastofnun og Fiskistofa á að þar sem lax gangi í straumvatn skuli vera 2 km friðunarsvæði utan við ós samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og vinnsla á jarðefnum af sjávarbotni inni á friðunarsvæði er ekki heimil. Alls eru 30 lax- og silungsveiðiár sem falla til sjávar innan fyrirhugaðra leitar- og rannsóknasvæða.


Leit og rannsóknir á magnetíti eru áformuð á fjórum afmörkuðum svæðum undan Suðurlandi og einu svæði í Héraðsflóa, sem eru samtals rúmlega 1.960 km^2 að stærð. Ef leit að magnetíti ber tilætlaðan árangur er líklegt að sótt verði um nýtingarleyfi og vinnsla hefjist á a.m.k. hluta þeirra svæða sem nú er afmörkuð til rannsókna. Vinnsla á málmunum verður í gráfum dráttum þannig að vinnsluskip dælir upp basaltsandi af botninum, sandurinn rennur í gegnum vinnslurás um borð sem skilur málmkorn úr sandinum, en hann rennur síðan aftur til sjávar frá skipinu. Í áðurnefndu samráði við undirbúnинг leitar- og rannsóknaleyfisins bentí Hafrannsóknastofnunin á að þegar loðna, síld og síli hrygni lími fiskarnir egg sín við sandbotn, en slíkur botn einkennir hafsbottinum undan Suðurlandi. Einnig að sandsíli grafi sig niður í sandinn og því sé slík botngerð mikilvægt búsvæði fiskanna. Þessar fisktegundir séu því sérlega viðkvæmar fyrir hvers konar raski vegna efnistöku. Ítrekaði Hafrannsóknastofnunin, að þessum auðlindum megi á engan hátt stefna í voða. Á sama vettvangi taldi Veiðimálastofnun mikilvægt að ekki verði raskað fæðuvist lax, silungs og annarra fiska sem ganga til sjávar við suður - og suðausturströndina, en sandsíli er talin aðalfæða þeirra í sjó. Loðna og síld hrygna víða við suðurströnd landsins og umtalsverð skorun verður milli hrygningarsvæða og leitar- og rannsóknasvæða vegna magnetíts (mynd 40). Einnig er líklegt að leit og rannsóknir muni skarast við hrygningar- og búsvæði sílis, þó ekki liggi fyrir upplýsingar um þau svæði vegna þessarar greinargerðar. Fyrir liggur að lax og silungur gengur til sjávar úr 30 ám innan við leitar- og rannsóknasvæðin. Þar að auki er ljóst að fyrirhuguð leitar- og rannsóknasvæði verða jafnframtað á hafsvæðum þar sem aðrir mikilvægir fiskistofnar hrygna, þ.e. skarkoli, ufsi, ýsa og þorskur (mynd 41). Þó egg þessara tegunda klekist ekki út á hafsbottni er ekki hægt að útiloka að neikvæð áhrif málvminnslunnar verði einhver á hrygningu þeirra. Ef áform um vinnslu á magnetíti verða að veruleika munu þær framkvæmdir sæta mati á umhverfisáhrifum, sem væntanlega mun leiða til þess að dregið verði úr neikvæðum umhverfisáhrifum vinnslunnar, m.a. á fiskistofna. Ljóst má þó vera að hætta er á því að slík efnistaka geti haft bein neikvæð áhrif á hrygningu loðnu, síldar og sílis og óbein áhrif hrygningu margra annarra nytjastofna og þannig mögulega stefnt viðkomu þessara fiskistofna í hættu. Í leyfisdrögum Orkustofnunar er ákvæði um að fjarlægð frá 30 árósum út að leitar- og rannsóknasvæðunum skuli að lágmarki vera 4 km radíus frá miðju hvers áróss. Einnig er ákvæði um að fjarlægð frá stórstraumsfjöruborði út að leitar- og rannsóknasvæðunum skuli að lágmarki vera 250 m.

Í þessu dæmi snýst málid m.a. um hvort hugsanleg málvminnsla sé ásættanleg út frá sjónarmiðum um trygga viðkomu fiskistofna sem standa eiga undir sjálfbærri nýtingu og hvort slík framkvæmd samrýmist áherslu stjórnvalda um að varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun verði beitt vegna framkvæmda sem raska eða breyta lifandi náttúru. Segja má að við stjórn fiskveiða sé varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun beitt, sem birtist m.a. í svæðalokunum til skamms eða langa tíma (m.a. lokun svæða víða við Suðurland, sjá mynd 33 í kafla 3.2.3). Slíkum verndaraðgerðum er beitt á fiskveiðiflotann en ná ekki til annarra framkvæmda sem hugsanlega fara fram á sama svæði og geta skaðað auðlindina sem ætlunin er að vernda. Fyrirhuguð

málmvinnsla úr botnseti við suðurströnd landsins gæti orðið dæmi um slíka mótsögn og spryja má hvort ásættanlegt sé að slík framkvæmd verði að veruleika. Til að auðvelda síkar ákvarðanir þarf að beita aðferðum sem taka tillit til hagsmuna náttúrunnar og mismunandi notkunar hennar, þar sem m.a. er mögulegt að skilgreina mismunandi stig verndarsvæða – allt frá svæðum undir strangri vernd til svæða með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda, þar sem leyfilegar framkvæmdir eru tilgreindar.




Mynd 40. Samanlögð hrygningarsvæði loðnu og síldar, sem hrygna beint á sjávarbotn, við Ísland og ósar fallvatna sem eru friðaðir skv. lögum um lax- og silungsveiði. Sýnd eru svæði þar sem fyrir liggja drög Orkustofnunar að leyfi til leitar- og rannsókna á magnetíti. Einnig er sýnd skórun milli leitar- og rannsóknasvæðanna og þekktra hrygningarsvæða ofangreindra fisktegunda (árekstrar). Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur).



Mynd 41. Samanlöggð hrygningarsvæði loðnu, skarkola, síldar, ufsa, ýsu og þorsks, við Ísland (fiskar þessara tegunda hrygna ýmist beint á sjávarbotn eða hrogn þeirra eru sviflæg) og ósar fallvatna sem eru friðaðir skv. lögum um lax- og silungsveiði. Sýnd eru svæði þar sem fyrir liggja drög Orkustofnunar að leyfi til leitar- og rannsóknar á magnetíti. Einnig er sýnd skörun milli leitar- og rannsóknasvæðanna og þekktra hrygningarsvæða ofangreindra fisktegunda (árekstrar). Sýnd eru mörk landhelginnar (12 sjómílur).

5.4 Uppdæling á sandi, möl og skeljasandi í Faxaflóa, Hvalfirði og Kollafirði

Metin hafa verið umhverfisáhrif af efnistöku af hafssbotni í Kollafriði, Hvalfirði og við Syðra-Hraun í sunnanverðum Faxaflóa (mynd 42), samanber fyrirliggjandi álit Skipulagsstofnunar⁴⁹. Vegna efnistöku í sunnanverðum Faxaflóa komst Skipulagsstofnun að þeirri niðurstöðu að margt bendi til þess að sunnanverður Faxaflói sé mikilvægur fyrir vistfræði margra dýrastofna, m.a. sem hrygningar- og uppeldissvæði fyrir síli og einnig flatfiska. Ljóst væri að talsvert af sandsíli (marsíli og síli) hrygni á þremur efnistökusvæðanna (Fláskarðskrika, í Melakrika og í Sandhalanámu). Taldi Skipulagsstofnun ljóst að efnistaka dræpi botnlæg hrogn þeirra og stuðlaði að því að klak misfarist og hafi þannig verulega neikvæð áhrif á viðkomu síla, sem hrygni á efnistökusvæðum. Skipulagsstofnun benti einnig á í álti sínu að efnistaka færi fram á svæði þar sem jafnframta er starfraekt hvalaskoðun og stundaðar dragnótaveiðar og að áform um stóraukin umsvif efnistöku á komandi árum auki hættu á að hagsmunir rekist alvarlega á. Í áltinu var einnig rakið að reynsla dragnótaveiðimanna sé sú að á tveimur veiðislóðum, þar sem efnistaka hafi lengi verið stunduð, hafi lífríki dalað á síðustu áratugum og fullyrt hafi verið að vegna efnistöku hafi dýpi aukist og botn orðið grýttur og óhæfur til veiða með dragnót. Í öllum matsmálunum sem varðaði efnistöku úr fornum malarhjóllum og skeljasandi á hafssbotni í sunnanverðum Faxaflóa, Hvalfirði og Kollafirði kom fram ábending Hafrannsóknastofnunarinnar um að líkur séu til þess að hjallarnir séu mikilvægar uppeldisstöðvar fyrir seiði flatfiska.



Mynd 42. Staðsetning svæða þar sem leyft er að dæla upp sandi, möl og skeljasandi af hafsbotni, í Hvalfirði, Kollafirði og sunnanverðum Faxaflóa. Svæði þar sem bannað er að veiða hval afmarkar það svæði þar sem hvalaskoðun fer helst fram í Faxaflóa. Jafnframt er synt eitt af þeim svæðum við landið þar sem sókn með dragnót var mest árið 2008, en á innfelldu myndinni má sjá að dragnótarsvæði í Faxaflóa (rauðar línur) skarast umtalsvert við efnistökusvæði (grænar línur)⁵⁰.

Af framansögðu er ljóst að efnistakan er líkleg til að rekast á við hagsmuni náttúrunnar og annarrar notkunar á svæðinu. Varðandi lífríkið er ljóst að óvissa ríkir um mikilvægi efnistökusvæðanna fyrir uppeldi nytjastofna og hrygningu og viðkomu sílis, sem er mikilvægur þáttur í vistkerfum hafsvæða við Ísland. Æskilegt er að rannsóknir á t.d. ungvíði nytjastofna skeri úr um mikilvægi svæðisins sem uppeldisslóð en einnig er mikilvægt að fyrir liggi hve verðmæt jarðefnin eru, þ.e. sandur, möl og skeljasandur, miðað við t.d. þekkt efnistökusvæði á landi. Til að svo megi verða þarf að meta þá kosti sem eru til efnistöku í sjó og á landi með tilliti til gerðar og gæða jarðefna og t.d. meta hagkvæmni efnistökunnar. Slíkar upplýsingar væri hægt að nota til að gera heilstæða áætlun um efnistöku í sjó og á landi. Ákjósanlegt hefði verið að slík áætlun lægi fyrir þegar ofangreint mat á umhverfisáhrifum var gert, þar sem þá hefði væntanlega verið kleift að vega og meta þjóðhagslegt mikilvægi efnistökunnar til móts við t.d. hættuna á að rýra náttúrugæði svæðisins og aðra notkun þess.

5.5 Skipulag haf- og strandsvæða

Eins og framangreind dæmi sýna er orðin knýjandi þörf á að skipuleggja haf- og strandsvæði næst landinu til að tryggja að verðmæt hrygningarsvæði og önnur verðmæt náttúrufyrirbæri skaðist ekki vegna vaxandi álags af athöfnum og aðgerðum á hafsvæðum og ekki síður til að draga úr árekstrum á milli mismunandi notenda. Álag á hafsvæðum er mismunandi eftir svæðum og hversu viðkvæmt lífríkið og aðrir umhverfisþættir eru á viðkomandi svæði. Tiltekin svæði geta þannig verið hentugri til ákveðinnar notkunar og af því leiðir meiri eftirspurn eftir þeim, t.d. til

fiskeldis í fjörðum á Vestfjörðum og Austurlandi. Skipulag haf- og strandsvæða fyrir Ísland þarf þannig að taka mið af mismunandi umhverfisaðstæðum, álagi af notkun og eftirspurn eftir hafsvæðum til athafna og framkvæmda.

Ágætar líkur eru til þess að vandað skipulag haf- og strandsvæða muni gefa góða heildarsýn yfir vernd, notkun og nýtingu haf- og strandsvæða við Ísland og að hægt verði að nota slíka áætlun til að taka ákvarðanir sem leiði til sjálfbærrar nýtingar á vistkerfum íslenska hafsvæðisins. Þannig verði tryggt að haf- og strandsvæðum verð stjórnað á þann hátt að verðmæti þeirra og auðlindir haldist.

6 Undirbúningur skipulags á haf- og strandsvæðum


Lagt er til að næsta skref verði að taka ákvörðun um hvernig skipulagi haf- og strandsvæða skuli fyrir komið á Íslandi, þ.e. stjórnsýsluleg ábyrgð, landfræðileg afmörkun og málsméðferð. Hér á eftir verður fjallað um og gerðar tillögur um næstu skref. Annars vegar er dregin fram tillaga nefndar á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þar um og hins vegar tillaga landsskipulagsstefnu um næstu skref.

6.1 Tillaga nefndar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Í niðurstöðum nefndar á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kom fram að æskilegt sé að sérstök lög verði sett um skipulagi haf- og strandsvæða og með þeim hætti ákveða hver beri ábyrgð á að skipuleggja nýtingu og vernd og tryggja aðkomu hagsmunaaðila og almennings að skipulagsferlinu. Jafnframt kom fram það álit nefndarinnar að mikilvægt sé að stjórnvöld marki stefnu um málefni hafsins og að sú stefna verði tekin upp í áætlunum um einstök þemu með tilliti til nýtingar og verndar (t.d. lifandi auðlindir, mikilvægar vistgerðir sjávar, náttúruvernd, fiskeldi, ferðamennska, siglingar, efnistaka). Í því samhengi lagði nefndin til að stofnaður yrði starfshópur sem markaði stefnu um málefni haf- og strandsvæða. Einnig taldi nefndin m.a. mikilvægt að metið verði hvort ábyrgð á skipulagi strandsvæða ætti að vera á einni hendi. Jafnframt taldi nefndin mögulegt að nota landsskipulagsstefnu, eða þá hugmyndafræði sem hún byggir á, til að setja fram stefnu stjórnvalda varðandi hafið.

6.2 Tillaga landsskipulagsstefnu um næstu skref

Taka þarf ákvörðun um hvernig skipulagi haf- og strandsvæða skuli fyrirkomið á Íslandi, þ.e. stjórnsýsluleg ábyrgð, landfræðileg afmörkun og málsméðferð. Leggja ber áherslu á að stjórnsýsla og gerð áætlana verði einföld og skýr og með samræmdum hætti hvað varðar ferli og ákvarðanatöku. Í því samhengi þarf að huga að nágildandi lagaumhverfi og hvort það geti tekið á skipulagi hafsvæða. Í skipulagslögum er kveðið á um gerð landsskipulagsstefnu og getur hún tekið til alls landsins, einstakra landshluta og efnahagslögsögunnar. Í landsskipulagsstefnu skulu m.a. settar fram áherslur um skipulagsmál sem varða almannahagsmuni og einnig samþætta áætlunar opinberra aðila sem varða landnotkun. Sveitarstjórnir eiga að taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana innan sveitarfélagamarka, þ.e. á landi og 115m á haf út (netlög). Í landsskipulagsstefnu verði mörkuð almenn stefna fyrir hafsvæði innan efnahagslögsögunnar sem verði útfærð í aðalskipulagi sveitarfélaga og heildarskipulagi fyrir allt hafsvæðið utan netlaga (hafskipulag, mynd 41). Útfæra má nánar almenna stefnu hafskipulagsins fyrir einstök svæði, þar sem þörf og aðstæður gefa tilefni til.



Mynd 43. Landsskipulagsstefna tekur til alls landsins og efnahagslögsógunnar. Lagt er til að á grundvelli hennar verði mörkuð almenn fyrir hafsvæði innan efnahagslögsógunnar sem verði útfærð í aðalskipulagi sveitarfélaga og heildarskipulagi fyrir allt hafsvæðið utan netlaga (hafskipulag).

6.3 Tilgangur hafskipulags

Megin tilgangur hafskipulags er að skapa heildarsýn og framtíðarstefnu um málefni hafsins ásamt því að samþætta nýtingu og vernd og einfalda stjórnsýslu leyfisveitinga. Vistkerfisnálgun og varúðarreglan verði leiðarljós við áætlunargerðina með hliðsjón af sjónarmiðum um sjálfbæra þróun. Hafskipulag á að vera grundvöllur leyfisveitinga og aðgerða í hafi (sjór og hafsbotn) ásamt því að setja skilyrði fyrir frekari gerð áætlana og aðgerðaáætlana eftir því sem þörf er á.


7 Viðauki 1 Innleiðing á hugtökum

Netlög. Hafsvæði 115 m út frá stórstraumsfjörumáli landareignar. Netlög fylgja einnig eyjum, hólum og skerjum í sjó og stöðuvötnum.⁵¹

Innsævi. Hafsvæðið landmegin við grunnlínu landhelginnar⁵².

Landhelgi Íslands. Landhelgi Íslands afmarkast af línu sem alls staðar er 12 sjómílur frá grunnlínu⁵³. Fullveldisréttur Íslands nær til landhelginnar, hafsvæðisins innan hennar og loftrýmisins yfir henni.

Efnahagslögsaga Íslands. Efnahagslögsagan er hafsvæðið umhverfis Ísland utan landhelgi landsins⁵⁴. Innan efnahagslögsögunnar hefur Ísland fullveldisrétt að því er varðar: rannsóknir, hagnýtingu, vernd og stjórnun auðlinda, lífrænna og ólífrænna, á hafsvæði og í honum, í hafinu yfir honum svo og aðrar athafnir varðandi efnahagslega nýtingu og rannsóknir innan svæðisins, svo sem framleiðslu orku frá sjávarföllum, straumum og vindu. Ísland hefur einnig lögsögu að því er varðar: byggingu mannvirkja og afnot af þeim, vísindalegar rannsóknir, vernd hafsvæðisins og önnur réttindi og skyldur samkvæmt alþjóðalögum.



Fiskveiðilandhelgi Íslands. Hafsvæðið umhverfis Ísland utan við grunnlínu⁵⁵.

Mengunarlögsaga Íslands. Hafsvæðið sem nær yfir innsævi að meðtalinni strönd að efstu flóðmörkum á stórstraumsflóði, landhelgi og efnahagslögsögu, landgrunn Íslands og efstu jarðlög, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn⁵⁶.

Líffræðileg fjölbreytni⁵⁷. Öll lifandi náttúra, eininganna sem hún er byggð úr og birtingarformanna sem hún tekur. Líffræðileg fjölbreytni spannar náttúrlegan og manngerðan

breytileika á öllum skipulagsstigum lífsins, frá erfðavísum og tegundum til vist- og lífkerfa. Hugtakið „lífríki“ er einnig notað í þessari stefnumörkun í sömu merkingu.

Vistkerfisnálgun. Á leiðtogafundinum um sjálfbæra þróun, í Jóhannesarborg árið 2002, var hugtakið skilgreint sem: „sambætt heildarstjórnun athafna mannsins sem byggð er á bestu fáanlegri vísindalegri þekkingu á vistkerfinu og starfsemi þess, með það að markmiði að auðkenna og bregðast við þeim áhrifapáttum sem mestu ráða um heilbrigði vistkerfisins og að koma þannig á sjálfbærri nýtingu afurða og þjónustu vistkerfisins og viðhalda vistkerfinu ósködduðu“⁵⁸.

Vistkerfisnálgun er aðferðarfræði í stöðugri þróun, sem byggir á og tekur tillit til allra umhverfisþátta og hagsmunu við nýtingu náttúruauðlinda þannig að tryggt sé að þær nýtist öðrum lífverum og komandi kynslóðum .

Sjálfbær þróun⁵⁹. Grundvallarmarkmið í stefnu Íslands. Það felur í sér að taka þarf tillit til umhverfis-, efnahags- og félagslegra markmiða þegar ákváðanir eru teknar. Niðurstöður Ríóráðstefnunnar ásamt þeim alþjóðlegu samningum og aðgerðaráætlunum sem þróast hafa í kjölfarið leggja grunn að þessu markmiði.

Sjálfbær nýting auðlinda. Byggir á meginstoðum sjálfbærrar þróunar og er lykill að skynsamlegri og ábyrgri verndun og stjórnun á nýtingu auðlinda hafssins. Stjórnun á nýtingu auðlinda hafssins á að byggjast á rannsóknum, vísindalegri fiskveiðiráðgjöf og þróun lagaramma er tekur skýr mið af inntaki og markmiðum sjálfbærrar þróunar. Skoða skal vistkerfi hafssins í heildrænu samhengi svo stefnumörkun Íslands nái til allra þáttu lífríkisins. Tryggja þarf að nýting auðlinda og annað álag á vistkerfi hafssins, svo sem vegna mengunar, sé ekki umfram það sem vistkerfið þolir. Besta leiðin að því marki er að vinna að útfærslu vistkerfisnálgunar á hagnýtan hátt og beita henni við stjórnun á verndun og nýtingu lifandi auðlinda hafssins⁶⁰.

Varúðarreglan. Oft þurfa stjórnvöld að marka stefnu eða taka ákváðanir áður en vísindaleg fullvissa liggar fyrir. Í þeim tilfellum þarf að beita varúð. Þessi nálgun var sett fram í 15. grein Ríóyfirlýsingarinnar frá 1992 með eftirfarandi hætti: „Í því skyni að vernda umhverfið skulu ríki í ríkum mæli beita varúðarreglunni eftir því sem þau hafa getu til. Skorti á vísindalegri fullvissu, þar sem hætta er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni, skal ekki beitt sem rökum til að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem koma í veg fyrir umhverfisspjöll.“ Þessi nálgun hefur einnig verið útfærð beint í alþjóðlegum samningum, svo sem í 3. grein loftslagssamningsins. Varúðarnálgun við nýtingu lifandi auðlinda hafssins er meðal annars skilgreind í 6. grein Úthafsveiðisamningsins frá árinu 1995. Tekið skal fram að enginn eðlismunur er á tilvísun í „varúðarreglu“ eins og gert var í Ríó annars vegar og „varúðarnálgun“ eða tilvísanir í „varúð“ í öðrum samningum hins vegar. Í öllum tilfellum er verið að fjalla um viðbrögð við skorti á vísindalegri fullvissu.

8 Heimildir og tilvitnanir

¹ Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið 2011. Skýrsla nefndar um úttekt á gildandi lögum og reglum um framkvæmdir og athafnir með ströndum landsins og í efnahagslögsögunni.

² Marine Spatial Planning – A Step-by-Step Approach toward Ecosystem-based Management, UNESCO 2007

³ COM(2008) 791 final – Roadmap for Maritime Spatial Planning: Achieving Common Principles in the EU. Brussels, 25 November 2008.

⁴ PlanCoast – Handbook on integratede Maritime Spatial Plannin, 2008.

⁵ *Towards an Ecosystem Approach to the Management of Human Activities which may affect the Marine Environment.*

⁶ Hafið, stefna íslenskra stjórnvalda. Reykjavík 2004.

⁷ Velferð til framtíðar – sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. Umhverfisráðuneytið 2002.

⁸ Velferð til framtíðar – sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013, bls. 23.

⁹ Líffræðileg fjölbreytni. Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni 2008.

¹⁰ Stefnumörkun Íslands um líffræðilega fjölbreytni, framkvæmdaáætlun, 2010.

¹¹ Friðun viðkvæmra hafsvæða við Ísland. Niðurstöður og tillögur nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði í október 2004. Sjávarútvegsráðuneytið, umhverfisráðuneytið og Hafrannsóknarstofnun, Reykjavík 2005.

¹² Framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum. Umhverfisráðuneytið, Reykjavík 2001.

¹³ Icelandic National Programme of Action for the Protection of the Marine Environment from Land based Activities. Report on the implementation of the global programm of action 2001-2006 in Iceland. Umhverfisráðuneytið, Reykjavík 2006.

¹⁴ Stefnumörkun í loftslagsmálum. Umhverfisráðuneytið, Reykjavík 2007.

¹⁵ Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum. Umhverfisráðuneytið, Reykjavík 2010.

¹⁶ Skýrsla nefndar um úttekt á gildandi lögum og reglum um framkvæmdir og athafnir með ströndum landsins og í efnahagslögsögunni. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, Reykjavík 2011.

¹⁷ Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið 2011. Skýrsla nefndar um úttekt á gildandi lögum og reglum um framkvæmdir og athafnir með ströndum landsins og í efnahagslögsögunni.

¹⁸ Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik og Háskólastur Vestfjarða. Nýtingaráætlun fyrir standsvæði Arnarfjarðar. Greinargerð (tillaga), apríl 2012

¹⁹ St.meld. 12 (2001-2002), Rent og rikt hav

²⁰ St.meld. nr.8 (2005-2006), Helhetlig forvaltning av det marine miljø i Barentshav og havområdene utenfor Lofoten(fortvaltningsplan)

²¹ Meld.St.10 (2010-2011), Opdatering av forvaltningsplanen for det marine miljø i Barentshvet og havområdene utenfor Lofoten

²² St.meld. nr. 37 (2008-200), Helhetlig forvaltning av det marine miljø i Norskehavet (forvaltningsplan)

²³ Norska þingið 2011. Opdatering av forvaltningsplanen for det marine miljø i Barentshavet og havområdene utenfor Lofoten (Meld.St.10 (2010-2011)).

²⁴ Statlige planretningslinjer for differensiert forvaltning av strandsonen langs sjøen, 25. mars 2011

²⁵ Planering på djupet - fysisk planering av havet, Betänkande av Havspolanutredningen, Stockholm 2010

(SOU 2010:91)

²⁶ Marine (Scotland) Act 2010

²⁷ Marine and Coastal Access Act 2009

²⁸ Marine Scotland Strategic Plan 2010-2013

²⁹ Scotland's National Marine Plan

³⁰ Agnar Ingólfsson. 1994. Fjörur og grunnsævi. Bls. 205-216 í Unnsteinn Stefánsson (ritstj.), Íslendingar, hafið og auðlindir þess. Vísindafélag Íslendinga, Ráðstefnurit IV. Reykjavík.

³¹ Sigmar A Steingrímsson og Sólmundur T Einarsson. 2004. Kóralsvæði á Íslandsmiðum: Mat á ástandi og tillaga um aðgerðir til verndar þeim. Reykjavík. 39 s.

³² Sigmar Arnar Steingrímsson og Sólmundur Tr. Einarsson 2004. Kóralsvæði á Íslandsmiðum: Mat á ástandi og tillaga um aðgerðir til verndar þeim. Fjöldit 110, 39 s.

³³ Siglingastofnun Íslands 2008. Greinargerð og tillögur starfshóps um neyðarhafnir og skipaafdrep á Íslandi

Tillögur til samgönguráðherra að skipulagi neyðarhafna og skipaafdrepa á Íslandi

³⁴ Strandsjór (skv. lögum um stjórn vatnamála): Yfirborðsvatn landmegin við línu sem dregin er einni sjómílu utan grunnlínu landhelginnar og nær inn að ytri mörkum árósavatns.

³⁵ Vatnshlot (skv. lögum um stjórn vatnamála): Eining vatns, svo sem allt það vatn sem er að finna í stöðuvatni, á eða strandsjó.

³⁶ Sigmar Arnar Steingrímsson og Sólmundur Tr. Einarsson 2004. Kóralsvæði á Íslandsmiðum: Mat á ástandi og tillaga um aðgerðir til verndar þeim. Fjöldit 110, 39 s.

³⁷ Friðun viðkvæmra hafsvæða við Ísland. Niðurstöður og tillögur nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði í október 2004. Sjávarútvegsráðuneytið, umhverfisráðuneytið og Hafrannsóknarstofnun, Reykjavík 2005.

³⁸ Náttúruvernd. Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands, Umhverfisráðuneytið 2011, bls. 228 (<http://www.umhverfisraduneyti.is/hvitbok/hvitbok-skipt-eftir-koflum/>)

³⁹ Lýsing á flokkum fengin úr: Náttúruvernd. Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands, Umhverfisráðuneytið 2011

⁴⁰ Valdimar Ingi Gunnarsson 2002. Hugsanleg áhrif eldislaxa á villta laxastofna. Embætti veiðimálastjóra, 67 bls.

⁴¹ Hafið. Stefna íslenskra stjórnvalda, Reykjavík 2004, bls. 33

⁴² Auðkenna og bregðast við þeim áhrifabáttum sem mestu ráða um heilbrigði vistkerfisins og að koma þannig á sjálfbærri nýtingu afurða og þjónustu vistkerfisins og viðhalda vistkerfinu ósködduðu. Sjá skilgreiningu í Viðauka 1.

⁴³ Hafið. Stefna íslenskra stjórnvalda, Reykjavík 2004, bls. 38

⁴⁴ Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands, Reykjavík 2011, bls. 193

⁴⁵ Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands, Reykjavík 2011, bls. 76

⁴⁶ Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands, Reykjavík 2011, bls. 108

⁴⁷ Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik ehf og Háskólastur Vestfjarða. Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar. Tillaga. Greinargerð 19. júní 2012 (<http://fjordungssamband.is/nytingaraaetlun/vinnuskjol/skra/286/>)

⁴⁸ Steinunn Hilma Ólafsdóttir og Julian Mariano Burgos 2012. Friðun kóralsvæða við Ísland og í Norður

Atlantshafi. Í: Þættir úr vistfræði sjávar 2011, Hafrannsóknir nr. 162, bls. 30-35

⁴⁹ vegna Kollafjarðar dags. 20. nóvember 2008, Hvalfjarðar 25. febrúar 2009 og sunnanverðs Faxaflóa dags. 8. apríl 2009

⁵⁰ Mannvit og jarðfræðistofa Kjartans Thors. Efnistaka af hafssbotni í sunnanverðum Faxaflóa. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla, mars 2009

⁵¹ 1849 tilskipun um veiði á Íslandi (www.althingi.is), lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum

⁵² Utanríkisráðuneytið 1985. Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna

⁵³ Lög nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn

⁵⁴ Lög nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn

⁵⁵ Reglugerð nr. 299/1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

⁵⁶ Lög 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda

⁵⁷ Líffræðileg fjölbreytni. Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni 2008. Stefnumörkun Íslands um líffræðilega fjölbreytni, framkvæmdaáætlun, 2010

⁵⁸ Tekið úr: Hafið – stefna íslenskra stjórnvalda, bls. 22

⁵⁹ Tekið úr: Hafið – stefna íslenskra stjórnvalda, bls. 33

⁶⁰ Tekið úr: Hafið – stefna íslenskra stjórnvalda, bls. 34